

Nýir haust- og vetrarlitir

SILFURTORG
Sifungötu 1
400 Laufvöl
Sími 456 3219



BÍLAVERKSTÆÐI
ÍSÁFJARDAR 17
SINDRAGÖTU 3
456 4444

Alhliða bifreiðaviðgerðir og hjólbarðapjónusta
...erum þjónustuaðilar fyrir:

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 11. ágúst 2004 · 32. tbl. · 21. árg.

Finnst ég ekki koma til Íslands nema koma vestur

— segir **Sjöfn Theódórsdóttir, Hornstrendingurinn** sem fluttist til Vesturheims. Sjá viðtal í miðopnu




Tekjur Vestfirðinga 89,1% af meðaltekjum landsmanna árið 2003

Meðaltekjur Vestfirðinga tæpar tvær milljónir króna

Framteljendur í Vestfjarða-umdæmi höfðu að meðaltali 1.978.436 krónur í tekjur á síðasta ári en á landsvísi var meðaltalið 2.104.559 krónur. Meðaltekjur Vestfirðinga námu því 89,1% af meðaltekjum landsmanna á síðasta ári ef skoðaðar eru staðtölur skatta sem Ríkisskattstjóri hefur birt. Meðaltekjur er hæstar í umdæmi skattstjórans í Vestmannaeyjum eða 109,8% af landsmeðaltali. Þá koma skattgreiðendur á Reykjanesi með

tæplega 107,9% af meðaltali. Reykvíkingar þéna 103,9% af landsmeðaltali en næstir í röðinni eru skattgreiðendur á Vestfjörðum sem hafa færest upp um eitt sæti frá árinu áður. Vestlendingar koma þar næstir á eftir með 88,7% af meðaltekjum landsmanna en skattgreiðendur á Norðurlandi eystra verma sjötta sætið með 88,6% af meðaltekjum skattgreiðendur á Austurlandi eru í því sjöunda með 87,5%. Sunnlendingar hafa næstlægstar

tekjur eða 83,6% af landsmeðaltali og skattgreiðendur á Norðurlandi vestra eru lægstir með 81,1% af meðaltekjum landsmanna. Athygli vekur hversu áberandi munur er á Vestmannaeyjum, Reykjanesi og Reykjavík annars vegar og svo öðrum skattaumdæmum en stökkið á milli þriðja og fjórða sætis á listanum er tæpar 15 prósentustig. Þessar niðurstöður byggjast á tekjuskatts- og útsvarsstofni hvers skattumdæmis að




Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði þar sem Skattstofan er til húsa. Viðbættum fjármagnstekjuskattsstofni en deilt er með heildarfjölda framteljenda til að fá meðaltalið. Stofninn

inniheldur allar tekjuskattskyldar greiðslur og hlunnindi að teknu tilliti til frádráttarliða.
— kristinn@bb.is

Afgreiðsla
Landsbankans
í Neista er opin
fimmtudaga og
föstudaga
frá kl. 16-18
Sími 410 8119

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018


SAMKAUP



Opið:
Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21

SAMKAUP
...gæði og forðgæðil

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi
— allt er flutt á land

EIMSKIP
GREIÐ LÉÐ

Nýr bátur til Súðavíkur

Nýr bátur hefur bæst í skipastól Súðvíkinga en það er krókaafllahámarksbátur af gerðinni Vikingur 900 sem útgerðarfélagið Vís ehf. kaupir frá Ólafs-vík. Báturinn ber nafnið Kristjana SH og verður senn skráður með heima-höfn í Súðavík og einkenn-isstafi Ísafjarðarsýslna. Kristjana er tæplega sex tonna bátur smíðaður í Hafnarfirði árið 1995 en aðalvél er af gerðinni Volvo Penta. Fyrirhugað er að gera bátinn út á línu. Reyndist hann vel á sigl-ingu heim frá Snæfellsnesi að sögn Gísla Hermans-sonar, framkvæmastjóra Vís, sem gerir að auki út rækjubátinn Snæbjörgu.

Færri ferðamenn

Umferð ferðamanna í Grunnavík hefur verið þokkaleg en þó töluvert lakari en í fyrra. „Í fyrra var líka metár“, segir Frið-rik Jóhannsson hjá Ferða-þjónustunni Grunnavík. „Hlutfall erlendra og inn-lendra gesta er svipað og í fyrra, en ferðamenn hafa einfaldlega verið færri. Ágústmánuður virðist þó ætla að verða besti sumar-mánuðurinn. Mikið er um pantanir og útlit er fyrir ágætan endasprett.“ Ferðaðþjónustan Grunna-vík býður uppá svefnpoka-gistingu, eldunaraðstöðu og í einhverjum tilfellum veitingaþjónustu. Öll áætli-unarsiglingafyrirtæki á svæðinu sigla til Grunna-víkur.

Róleg vika hjá löggunni

Þrjú umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar á Ísafirði í liðinni viku. Öll voru óhöppin smávægileg og engin slys urðu á fólki, en aflifa þurfti eina kind eftir að á hana var ekið á Kirkjubólshlíð í Skutuls-firði. Þá voru sjö ökumenn stöðvaðir fyrir hraðakstur, en sá sem hraðast ók mældist á 117 km/klst hraða þar sem leyfður hámarkshraði er 90 km/klst. Einn ökumaður var tekinn í Álftafirði aðfara-nótt sunnudags grunaður um ölvun við akstur. Á fimmtudag fékk lögreglan aðstoð frá áhöfn varðsþips Landhelgisgæslunnar við að ná á land svokölluðu „drauganeti“ sem lá út af Hólsá í Öndarfirði. Netið var öloglega lagt, ekki landfast og ekki merkt eiganda. Fleira var athugavert við lagningu netsins sem hafði augljós-lega legið lengi í sjó. Í net-inu var einn dauður fugl.



Skeiði á Ísafirði. Á því svæði mun vera laus lóð undir bensínstöð.

Atlantsolía hefur í hyggju að fjölga sjálfsafgreiðslustöðvum sínum á landinu á næstu misserum

Ný bensínstöð sett upp á Ísafirði?

Atlantsolía hefur í hyggju að fjölga sjálfsafgreiðslu-stöðvum sínum á landinu á næstu misserum. Fyrirtækið auglýsti í Morgunblaðinu á sunnudag eftir lóðum um land allt. Í fyrstu horfir félagið til staða í nágrenni við höfuð-borgarsvæðið en er að öðru leyti tilbúið að skoða alla möguleika. Í nágrenni versl-unar Bónus á Skeiði í Skutuls-firði er lóð þar sem risið gæti bensínstöð án breytinga á skipulagi. Telji Atlantsolía það hagkvæman kost gæti risið þar bensínstöð innan þriggja mán-aða.

Í Morgunblaðinu var heil-síðuauglýsing frá rekstrarráð-gjafafyrirtækinu Fram-kvæmdaráði í Reykjavík þar sem óskað er eftir lóðum undir bensínstöðvar um land allt. Bensínstöðvarnar hyggst Atl-antsolía reisa. Í auglýsingunni segir meðal annars: „Lóðaval byggist á eftirfarandi: Nálægð við fjölfarna vegi og/eða hafnir. Fjöldi íbúa í nágrenni lóðar. Tengingu við aðra starf-semi s.s. verslun eða aðra þjón-ustu. Aðgengi að lóð.“

Stefán Kjærnested, fram-kvæmdastjóri framkvæmda-ráðs, segir það stefnu Atlants-

olíu að fjölga bensínstöðvum sínum á næstu árum, en í dag eru þært tvær önnur í Kópavogi og hin í Hafnarfirði. Að sögn Stefáns er félagið í fyrstu eink-um að leita eftir lóðum í sveit-arfélögum í nágrenni við höf-uðborgarsvæðið en allir kostir verði hinsvegar skoðaðir. Hann segir það stefnu félags-ins að reisa stöðvarnar en semja síðan við aðra aðila um rekstur þeirra og viðhald. Stefán segir að frá því að lóð er tilbúin geti afgreiðsla bens-íns hafist innan þriggja mán-aða.

Um áratugaskeið hefur ein-

ungis verið rekin ein bensín-stöð á Ísafirði. Hafa þrjú olíu-félaganna, Skeljungur, Essó og Olís, rekið hana í samein-ingu. Hefur sá samrekstur ver-ið til þess að tryggja hagkvæm-ni í rekstrinum. Eins og fram hefur komið í fréttum hefur sá samrekstur þó ekki skilað sér í lægra bensínverði þar sem íbú-ar svæðisins búa við hæsta verð á landinu. Í morgun var verð á 95 oktana beníni í sjálfs-afgreiðslu 110 krónur á Ísafirði en lægst er verðið í nágrenni bensínstöðva Atlantsolíu í Kópavogi og Hafnarfirði tæ-
ar 100 krónur.

Í gildandi skipulagi fyrir Ísa-fjörð er gert ráð fyrir byggingu bensínstöðvar á Tunguskeiði fyrir botni Skutulsfjarðar. Lóðin er skammt frá verslunar-miðstöðinni Ljóninu þar sem verslun Bónus er til húsa. Þeirri lóð var úthlutað til Jóns Fanndals Þórðarsonar, versl-unarmanns, á árinu 1998 sem þá hafði í huga byggingu stöðvar í samstarfi við Skelj-ung. Ekkert varð þó af þeim áformum. Að sögn Stefáns Brynjólfssonar, byggingafull-trúa Ísafjarðarbæjar, er ekkert því til fyrirstöðu að bensínstöð risi á umræddri lóð.– *hj@bb.is*

Snjóflóðavarnargarðurinn við Seljaland í Skutulsfirði

Hafist handa við uppgræðslu

Verktakafyrirtækið KNH hefur hafið uppgræðslu snjóflóðavarnargarða við Seljaland á Ísafirði. Verkið verður unnið í áföngum næstu tvö árin. Unnið verður út september á þessu ári en þá verður gert hlé á uppgræðslu. „Við byrjuðum á mánudags-morgun. Það verða 6-7 manns í þessu fyrstu vik-una og þar af 3-4 að sá grasfræjum, en við gerum það á bílum eins og hægt er“, segir Sævar Óli

Hjörvarsson hjá verktaka-fyrirtækinu KNH. Í verkið verða notuð um það bil tonn af grasfræjum, nokk-ur tonn af áburði og um 7.000 tré. Um er að ræða uppgræðslu á 650 metra löngum garði, samsvarandi flóðafarvegi og 14 keilum auk uppgræðslu raskaðs svæðis, alls um 15 hektara. Verkinu skal lokið fyrir 1. september árið 2006 en áburðargjöf skal viðhaldið til ársins 2007. – *halfdan@bb.is*



Unnið að uppgræðslu snjóflóðavarnargarða við Seljaland.

10% samdráttur í unnum afla á fyrstu fjórum mánuðum ársins

Mestur samdráttur í vinnslu á rækju

Afli sem er verkaður á Vestfjörðum dróst saman um 10% á milli ára, fyrstu fjóra mánuði ársins. Þannig var unnið úr 14.423 tonnum að verðmæti 1.420 milljóna króna á fyrstu fjórum mánuð-um ársins en á sama tíma í fyrra var unnið úr 16.006 tonn-um að verðmæti 1.586 millj-ónir króna.

Mestur hefur samdrátturinn orðið í vinnslu á rækju og

steinbíti. Þannig hefur magn unnins steinbíts minnkað um tæp 50% en um 60% að verð-mæti. Um helmingi minna var unnið af rækju á tímabilinu bæði ef litið er til magns og verðmætis. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands.

Á tímabilinu var unnið úr liðlega þúsund tonnum meira af þorski en á sama tíma í fyrra og nemur aukningin um 15%. Unnin ýsuafli jókst

sömuleiðis um tæp 900 tonn sem er um 79% aukning í magni en einungis um 12% aukning í aflaverðmæti. Tæp 500 tonn af grálúðu voru verkuð á tímabilinu sem jafn-gildir um 14% aukningu í magni en 38% aukningu í verðmætum.

Af öðrum tegundum var verkað mun minna magn í fjórðungnum.

– *kristinn@bb.is*



Mestur samdráttur hefur orðið í vinnslu á rækju.

Kapphlaup hafið á meðal olíufélaganna um lóðir undir bensinstöðvar á Ísafirði

Samkeppni í auglýsingu í sölu eldsneytis til bifreiða við Djúp?

Svo virðist sem kapphlaup sé hafið um lóðir undir bensinstöðvar á Ísafirði. Bæði Olís og Orkan hafa óskað eftir lóðum undir sjálfsafgreiðslustöðvar og voru erindi félagaanna tekin til umfjöllunar á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar á mánudag. Formaður bæjarráðs segir að allt verði gert til þess að tryggja að farið verði að óskum félaganna.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar sem haldinn var á mánudag voru teknar fyrir óskir Olíuverslunar Íslands hf.(Olís) og Bensínorkunnar ehf.(Orkan) um lóðir fyrir bensinstöðvar á Ísafirði. Þann 16.júlí ritaði Einar Benediktsson forstjóri Olís bréf til Ísafjarðarbæjar þar sem hann óskaði eftir lóð fyrir bensinstöð sem rekin yrði undir merkjum ÓB sem eru sjálfsafgreiðslustöðvar í eigu Olís. Í bréfinu er ekki nefnd nein ákveðin lóð en nefnt að taka þurfi tillit til flæðis umferðar við lóðarvalið. Er í bréfinu óskað eftir viðræðum við bæjaryfirvöld

um málið og þess jafnframt óskað að farið verði með umsóknina sem trúnaðarmál.

Þann 4. ágúst ritaði Gunnar Skaptason framkvæmdastjóri Orkunnar Ísafjarðarbæ bréf þar sem óskað var eftir lóð þeirri á Tunguskeiði þar sem ætlað er að rísi bensinstöð samkvæmt skipulagi. Við hliðina á þeirri lóð er verslun Bónus en stöðvar Orkunnar á höfuðborgarsvæðinu hafa risið í nánd við verslanir Bónus, sem stofnaði í upphafi Orkuna í samvinnu við Skeljung.

Með þessum lóðarumsóknunum er ljóst að nú er að ljúka samstarfi olíufélaganna um rekstur bensinstöðvar á Ísafirði. Sá samrekstur hefur verið í nafni hagræðingar. Bensínverð frá þeirri stöð hefur þrátt fyrir það verið að jafnaði það hæsta á landinu. Olíufélagið hf. hefur um langt árabílið séð um rekstur stöðvarinnar fyrir hönd olíufélaganna og virðist ætla að gera það áfram ef marka má hinar nýju umsóknir.

Í minnisblaði Stefáns Brynjólfssonar byggingarfulltrúa til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar kemur fram að lóðinni á Tunguskeiði hafi síðast verið úthlutað til Olíufélagsins hf. þann 23. janúar 2003. Þar sem framkvæmdir hafi ekki hafist á lóðinni sé sú úthlutun úrgildi fallin og ekkert því til fyrirstöðu að úthluta lóðinni að nýju.

Að loknum umræðum á fundi bæjarráðs var samþykkt að vísa umsóknunum félaganna til umsagnar umhverfisnefndar og hafnarstjórnar. Sú ákvörðun að vísa umsóknunum til hafnarstjórnar bendir óneitanlega til þess kannaðir verði möguleikar á uppsetningu bensinstöðvar á hafnarsvæðinu. Þar eru sem kunnugt er birgðastöðvar olíufélaganna og hafa um árabílið staðið yfir viðræður milli bæjarins og félaga um framtíðarstaðsetningu birgðastöðvanna.

Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar sagði í samtali við blaðið

að hann vonaðist til þess að hægt yrði að verða við óskum beggja félaganna.

Svo virðist því að samkeppni sé í auglýsingu í sölu eldsneytis til bifreiða við Djúp. Hæsta verð á stöðvum Orkunnar er 105,30 krónur á hvern lítra af 95 oktana bensíni í stöðvum á Akureyri og í Reykjavík. Lægst er verðið 99,70 krónur í stöð félagsins í Hafnarfirði í grennd við stöð Atlantsolíu þar í bæ. Að auki gefst viðskipavinum Orkunnar kostur á tveggja krónu afslætti með kaupum á svokölluðu bensínfrelsiskorti. Þar er viðskiptavinurinn í raun að fyrirframgreiða viðskipti sín og fær í hendur greiðslukort með inn eign sinni.

Lægsta verð á ÓB-stöðvum í dag er 107,40 krónur á ýmsum stöðvum en lægst 99,80 krónur við Fjarðarkaup í Hafnarfirði. Þar í bæ er Atlantsolía einnig með bensinstöð eins og áður hefur fram komið. Fari fram sem horfir gætu því neytendur á Ísafirði upplifað á

komandi mánuðum aukna samkeppni í bensínsölu. Hvort lægra verð fylgi í kjölfarið skal ósagt látið. Ekki er það þó ólíklegt, en á Ísafirði er bensínverð það hæsta á landinu og er því eftir miklu að slægjast fyrir neytendur.

Ekki er óvarlegt að áætla að vísitölufjölskyldan kaupir 2.500 lítra af bensíni á ári. Er

útgjaldamunur því um 30 þúsund krónur á ári á milli þeirra sem keypt geta ódýrasta bensínið og þeirra sem kaupa að þurfa bensínið þar sem það er dýrast. Til þess að hafa 30 þúsund krónur til ráðstöfunar þarf einstaklingur að afla um 60 þúsunda í laun á ári aukalega eða um 5 þúsund krónur á mánuði.

– hj@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI – STARFSFÓLK ÓSKAST

Óskum eftir að ráða starfsmann í hlutastarf við íþróttakennslu með möguleika á meira starfi síðar vegna fæðingarorlofa.

Einnig óskum við eftir að ráða stuðningsfulltrúa í sérdeild til tímabundinna starfa og starfsmann í hlutastarf eftir hádegi í dægradvöl. Umsóknarfrestur er til föstudagsins 13. ágúst. Umsóknir skal senda til skólans.

Skólastjóri.

SKÓLASETNING

Nemendur skulu mæta á sal skólans föstudaginn 27. ágúst sem hér segir: 8.-10. bekkur, kl. 08:00 6.-7. bekkur, kl. 09:00 4. og 5. bekkur, kl. 10:00 2. og 3. bekkur, kl. 11:00 Nemendur í 1. bekk og forráðamenn verða boðaðir sérstaklega. Nánari upplýsingar (m.a. innkaupa-lista) má finna á heimasíðu skólans.

Skólastjóri.

Metfjöldi nýnema við Menntaskólann á Ísafirði næsta vetur

Menntaskólinn á Ísafirði verður settur við athöfn á sal skólans kl. 10 að morgni miðvikudagsins 25. ágúst. Ljóst er að metfjöldi nýnema verður við nám í skólanum á næsta vetri, en nú hafa 103 slíkir skráð sig. Þá eru endurinnritaðir 238 og verða nemendur því 341 í dagskóla nema fleiri bættist við. Í kvöldskóla, nýbúabraut og félagsliðanámi verða líklega á fimmta tug nemenda og má því reikna með því að

tæplega 400 manns sæki nám við skólann á næsta vetri. Að sögn Guðbjarts Ólafssonar, aðstoðarskólameistara Menntaskólans á Ísafirði, hafa kennararáðningar gengið vel og verður hlutfall réttindakennara við skólann rúmlega 70%. Þá má þess geta að fjórir leiðbeinendur við skólann eru í réttindanámi.

– halfdan@bb.is

Menntaskólinn á Ísafirði.



Ísfirski skáldið og rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl

Þýðir bókina Dude, where's my country eftir Michael Moore

Ísfirski skáldið og rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl er um þessar mundir að hefjast handa við þýðingar á bókinni Dude, where's my country eftir bandaríska rithöfundinn Michael Moore. „Þetta kom bara upp á mánudag, en ég hef mánuð til að þýða bók-

ina. Hún hefur selst eins og heitar lummur í Bandaríkjunum eins og allt annað sem þessi maður gefur út. Bókin er aðallega um réttlætningar bandarískra stjórnvalda fyrir Íraksstríðinu og hvort nokkuð af því sem þessir menn sögðu standist í raun og veru“, segir

Eiríkur Örn.

Áður hefur Eiríkur þýtt aðra bók eftir Michael Moore, Heimskir hvítir karlar, sem kom út fyrir síðustu jól og seldist vel. „Og hún er víst ennþá að seljast“, segir Eiríkur. Þá er væntanleg í útgáfu fyrsta skáldsaga Eiríks, en fyrir

hefur hann gefið út þrjár ljóðabækur. „Mál og menning gefur bókina út, sem og bækurnar eftir Michael Moore. Vinnutíll skáldsögunnar er Hugsjónadrusan“, segir Eiríkur Örn Norðdahl, skáld, rithöfundur og þýðandi.

– halfdan@bb.is




BÓNUS Atvinna

Starfsmann vantar á kassa. Vinnutími virka daga og annan hvern laugardag. Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 11:00-19:15, föstudaga frá kl. 09:30-20.15 og laugardaga frá kl. 09:30-18:30.

Góð laun í boði fyrir starfsmann á besta aldri.

Bónus, Ísafirði.



Séð yfir austurströnd Grænlands.

Harro Lorenz og Rolf Bausewein eru þýskir áhugaflugmenn sem uppfylltu í sumarleyfi sínu langþráðan draum um að fljúga til Íslands og Grænlands. Á ferðalaginu komu þeir við á Ísafjarðarflugvelli þaðan sem þeir flugu til Constable Point á Grænlandi. Þeim fannst mikið til Íslands koma og eftir heimkomuna

Ljósmyndir: Harro Lorenz og Rolf Bausewein.

sendu þeir Bæjarins besta frásögn af ferðinni á litlu flugvélinni sinni sem ber einkennisstafina D-MBHL. Þeir lögðu af stað frá Þýskalandi fyrsta júní og komu víða við, þar á meðal í Noregi og á Skotlandi. Við hefjum söguna þegar ferðalangarnir voru komnir til Færeyja.



Hér fljúga félagarnir yfir Landmannalaugar.

Ævintýraferð tveggja Þjóðverja á ofurlítilli flugvél til Íslands og Grænlands

Langþráður draumur sem rættist

„Daginn eftir komu okkar til Færeyja lofaði veðurspáin góðu og við lögðum af stað til Íslands. Við héldum frá Vágar yfir fossana og stefndum á Höfn í Hornafirði. Yfir hafinu voru veðurskilyrði góð, himinn blár, meðbyr og fá ský. Við sáum aðeins eitt skip á allri leiðinni. Snögglega og reyndar allt of geyst að okkar mati sáum við strandlengju Íslands. Landið var þakið þunnri skýjaslæðu og það var stórfengleg sýn. Hversu lengi hafði okkur ekki dreynt um þetta augnablik! Í 40 km fjarlægð frá ströndinni sáum við tveimur hvölum bregða fyrir. Þessi áfangi ferðarinnar sem var 475 km langur tók okkur um þrjá klukkutíma. Við lendingu var starfsfólk flugvallar-

ins á Höfn furðu lostið vegna þessarar undarlegu flugvélar okkar. Það sem eftir var af deginum nutum við þess að vera komnir til Íslands og fylltum lungun af hreina íslenska loftinu. Næsta dag fórum við í okkar fyrsta flug um Ísland og flugum yfir og umhverfis Vatnajökul, stærsta jökul Evrópu. Íslenska landslagið var ótrúlegt og útsýnið stórkostlegt. Eftir þriggja tíma flug höfðum við skoðað einn fjórða af landinu og við snerum aftur til Hafnar. Morguninn eftir ákváðum við að reyna að fljúga til Grænlands en það var hægara sagt en gert. Fyrst flugum við yfir til Ísafjarðar. Veðrið var gott og við sáum mikið af ám, fljót-

um og fjöllum. Stundum sáum við glytta í vegi. Aðflugið að Ísafirði fannst okkur tilkomumikið. Þetta er huggulegur bær sem er umkringdur bröttum fjöllum. Við athuguðum veðrið næsta dag og útlit fyrir flug til Constable Point á Grænlandi var ekki svo slæmt. Við hringdum á undan okkur til Constable Point til að kanna hvort þeir ættu þar eldsneyti fyrir okkur. Þeir áttu til 500 lítra og það dugði okkur. En það var vestanvindur og áður en við lentum á Ísafirði höfðum við séð þokubakka yfir hafinu. Við vorum örlítíð áhyggjufullir. Næsta morgun kom í ljós að vindurinn hafði rekið þokuna inn fjörðinn og rétt sást til sólar af og til. En þegar við

komum á flugvöllinn hafði dregið úr þokunni. Við athuguðum veðrið en gátum okkur til mikillar undrunar ekki fundið neinar upplýsingar um þokuna. Við hringdum til Constable Point og veðurskilyrði þar voru fin. Við vissum ekki hvað gera skyldi. Ef við gætum ekki lent á Grænlandi yrðum við að snúa aftur til Ísafjarðar og þess vegna þurfti veðrið að vera okkur hliðholtt þar líka. Fjarlægðin frá Ísafirði til Constable Point er 525 km og ef við þyrftum að snúa aftur til baka þýddi það að við neyddumst til að fljúga 1050 km. Það myndi taka 8-9 tíma við þessar aðstæður og hver getur sagt til um hvernig veðrið yrði á Íslandi eftir svo langan tíma! Við ákváðum að áhættan væri of mikil og hjuggumst við að dvelja aðra nótt á Ísafirði. En aðeins klukkustund seinna létti til og sást í bláan himin og veðurspáin lofaði góðu, svo að við slógum til og skelltum okkur í björgunarbúninga okkar. Þessi áfangi yrði sá hættulegasti í ferð okkar. Eftir að við vorum lagðir af stað fór tíminn að líða hægt. Var okkur að dreyma eða var þetta raunveruleiki? Okkur hafði dreynt um þessa ferð og skipulagt hana svo lengi að við trúðum því varla að hún væri orðin að veruleika. Eftir aðeins 40 mínútna flug sáum við strandlengju Grænlands þó að við trúðum því varla. En svo heiðskírt var að við sáum hana þó að hún væri í 200 km fjarlægð. Við flugum áfram




Þýsku félagarnir við komuna til Ísafjarðar.

en okkur virtist sem ströndin væri alltaf eins langt í burtu. Eftir einn og hálfan tíma sáum við jökla. Þetta var draumi líkast. Eftir töluverðan tíma flugum við inn í fjörð sem virtist ísi lagður. Fjöllin í kring voru þakin snjó og ís. Eftir 40 km flug til viðbótar lentum við loks á Constable Point, sem var eins og eyja full af lífi í frosinni eyðimörk. Við lendingu komu fimm menn til að taka á móti okkur, alvarlegir á svip. Þeir spurðu okkur: Erúð þið gengnir af vitinu að fljúga þessari litlu flugvél til Grænlands! Hverju gátum við svarað? Við vorum ansi geggjáðir að reyna slíka ferð! Næstu daga ferðuðumst við um Grænland á láði og í lofti til skiptis. Það er erfitt að lýsa með orðum því sem við sáum

þar. Landslagið á Íslandi var tígulegt og áhrifamikið en Grænland er ólýsanlegt. Við fundum fyrir smæð mannsins í samanburði við mikilfenglega náttúruna. Það var einungis grjót, sjór, ís, snjór, fjöll og jöklar. Við munum aldrei gleyma þessum fjórum dögum sem við dvöldum í Grænlandi. En allt tekur enda og við þurftum að halda áfram ferð okkar. Eftir þriggja og hálftrar klukkustundar flug lentum við aftur á Ísafirði og við fórum að komast í skilning um að ferðin til Grænlands væri að baki eftir áralanga bið“, sögðu Harro og Rolf, þýsku ferðalangarnir sem dreyndi að heimsækja tvær eyjar í norðrinu og létu drauminn rætast núna.

– thelma@bb.is



Jökulsárlón séð úr lofti.

Nýr flugturn á Ísafjarðarflugvelli

Tekinn í notkun á næstu vikum

Guðbjörn Charlesson, umdæmisstjóri Flugmálastjórnar á Vestfjörðum, segir nýjan flugturn á Ísafjarðarflugvelli verða tekinn í notkun á næstu vikum, líklega í september. Hann segir flugturninn nánast fullbúinn en nú sé verið að hanna loftræstikerfi í turninn og þegar því hafi verið komið fyrir verði að hægt að ljúka við að innrétta. Hann segir það verk hafa tekið lengri tíma en til stóð. „Við viljum frekar fara okkur hægt til að forðast mistök. Það er alþekkt að loft-ræstikerfi virki ekki sem skyldi, ekki síst eru mörg dæmi í flugturnum.“

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar veitti byggingarleyfi fyrir flugturninum í ágúst árið



Útsýnið úr nýja flugturninum yfir brautarstæðið.

2002 og var upphaflega ráðgert að hann yrði tilbúinn fljótlega á árinu 2003 en af ýmsum ástæðum hefur framkvæmdin tafist, bæði á útboðsstigi og á framkvæmdastigi. Guðbjörn segir að fyrst og fremst hafi

verið horft á að turninn yrði eins vel úr garði gerður og mögulegt væri og að verkið færi ekki út fyrir settan fjárhagsramma. „Auðvitað er hægt að ýta öllum málum í gegn en við höfum frekar vilj-



Nýi flugturninn þykir glæsilegt mannvirki.

að fara varlega í sakirnar og forðast mistök enda gamli flugturninn í fullri virkni þangað til við ákveðum að taka hann úr sambandi“, segir Guðbjörn.

Hin eiginlega starfsemi verður efst í turninum og þar verður komið fyrir fullkomnu stjórnborði. Á fyrstu og annarri

hæð verður aðstaða fyrir áhafnir sem Guðbjörn segir nýjung hér á landi. „Þetta er hugsað jafnt fyrir atvinnuflugmenn sem einkaflugmenn en á annarri hæð verður veður-tölva og aðstaða til að ganga frá pappírurum og á fyrstu hæðinni verður snyrting með sturtu.“

Nýi flugturninn þykir glæsilegur en hann er sambyggtur húsi Flugmálastjórnar á Ísafjarðarflugvelli og setur sterk-an svip á flughlaðið. Kol og salt ehf. sá um hönnun turnsins en verktaki við byggingar-framkvæmdirnar var Ágúst og Flosi ehf.

– kristinn@bb.is



Athafnasvæði Fiskvinnslunar Fjölnis á Þingeyri sem Byggðastofnun á m.a. hlut í. Mynd: Páll Önundarson.

Byggðastofnun átti hluti í fimmtán félögum á Vestfjörðum um áramót

Lagði 80 milljónir til Glámu

Byggðastofnun greiddi út nýtt hlutafé til fimm fyrirtækja á Vestfjörðum samtals að fjárhæð 105 milljónir króna á síðasta ári. Stofnunin lagði 80 milljónir inn í Eignarhaldsfélagið Glámu hf. á Patreksfirði, 10 milljónir í Sindraberg ehf. á Ísafirði, 6 milljónir í Rennex ehf. á Ísafirði, 5 milljónir í Laugarhól ehf. á Hólmavík og 4 milljónir í Vesturferðir ehf. á Ísafirði. Um síðustu áramót átti stofnunin hluti í 15 félögum á Vestfjörðum, samtals liðlega 308 milljónir króna að nafnverði en alls nam hlutafjáreign stofnunarinnar liðlega 1.400 milljónum króna.

Listi yfir hlutafjáreign Byggðastofnunar í félögum á Vestfjörðum fer hér á eftir í heild sinni:

Hlutafjáreign Byggðastofnunar í félögum á Vestfjörðum

Félag:	Staður:	Eignarhluti:	Nafnverð kr.
Eignarhaldsfél. Gláma hf.	Patreksfirði	40%	102.000.000.-
Fiskvinnslan Fjölnir hf.	Þingeyri	20%	100.000.000.-
Bakkavík hf.	Bolungarvík	34%	31.097.000.-
Sindraberg ehf.,	Ísafirði	23%	25.000.000.-
Hótel Ísafjörður hf.	Ísafirði	20%	12.400.000.-
Þörungaverksmiðjan hf.	Reykholum	27%	7.919.000.-
Netagerð Vestfjarða hf.	Ísafirði	20%	7.000.000.-
Laugarhóll	Hólmavík	17%	5.000.000.-
Vesturferðir ehf.,	Ísafirði	11%	4.000.000.-
Eignarhaldsfél. Vestfjarða	Ísafirði	20%	3.438.000.-
Sumarbyggð ehf.,	Súðavík	21%	2.500.000.-
Atvinnuþróunarfél. Vestf.	Ísafirði	20%	1.200.000.-
Snerpa ehf.,	Ísafirði	20%	750.000.-
Rennex ehf.,	Ísafirði	11%	600.000.-
Fjarvinnsla Suðureyrar ehf.	Suðureyri	32%	300.000.-
			303.204.000.-



ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI ÍSAFJARÐAR 1989 - 2009

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu á breytingu á aðal-skipulagi Ísafjarðar 1989-2009, skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og bygginga-laga nr. 73/1997 með síðari breyting-um.

Breytingin gerir ráð fyrir 700kw renn-slisvirkjun og þrýstivatnslögn við Tunguá í Tungudal í Skutulsfirði. Skilgreint er um 400m² iðnaðarsvæði fyrir stöðvarhús ásamt aðkomuleið-um. Raflína (loftlína) neðan við gangamunna að stöðvarhúsi verður sett í jörðu samsíða vatnslögn.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunum í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði frá föstudeginum 13. ágúst nk. til föstudagsins 14. septem-ber 2004. Þeir sem telja sig eiga hags-muna að gæta er hér með gefinn kost-ur á að gera athugasemdir við breyt-ingartillöguna.

Frestur til að skila athugasemdum er til föstudagsins 24. september 2004. Skriflegum athugasemdum skal skil-að á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði, eigi síðar en 24. september 2004.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest teljast henni samþykkir.

Ísafirði í ágúst 2004, Skipulags- og byggingarfulltrúi.

ritstjórnargrein

Síminn er öryggistæki

Pegar nú eina ferðina enn er farið að huga að sölu Símans, hafa vaknað spurningar um réttindi og skyldur. Annars vegar um rétt sínnotenda og hinsvegar um skyldur eigenda símafyrirtækjanna á þjónustu á „óarðbærum svæðum“ eins og það hefur verið orðað. Samgönguráðherra leggur ríka áherslu á fjarskipti sem öryggisventil fyrir almenning: „Almenningur treystir orðið á það að geta náð sambandi, þannig að ég tek undir það sem lögreglan segir að við viljum sjá betri útbreiðslu.“ Símafyrirtækin standa aftur á móti fast á því að GSM-kerfið hafi ekki verið skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi, væntanlega af ríkisvaldinu. Talsmaður Og Vodafone segir að „flestir (hljóti) líka að vera sammála um að lítil sanningirni (sé) í því fólgin að gera þá kröfu til almenningshlutafélaga að byggja (upp) farsímakerfi á óarðbærum svæðum. Slíkt yrði á kostnað hlutahafa þessara félaga.“

Einn af liðsmönnum Framsóknarflokksins upplifði það á dögnum á ferðalagi um hringveginn, að símasambandið var ekki upp á marga fiska. Í grein í Mbl. nýverið kemst viðkomandi svo að orði eftir að hafa lýst símasambandslitlu ferðalagi: „Það getur ekki verið svo flókið að setja upp slíkt kerfi, (dreifikerfi) enda hagnaður fyrirtækisins (Símans) mikill og liður í aukinni þjónustu hlýtur að vera að efla öryggi viðskiptavinanna. Það er hlutverk okkar, sem á Alþingi sitjum, að berjast fyrir uppbyggingunni og setti þingflokkur Framsóknarflokksins skýra fyrirvara við sölu Símans. Einn af fyrirvörum var að uppbygging dreifikerfisins yrði kláruð.“

Boðskapur Og Vodafone verður ekki misskilinn. Einkarekin símafyrirtæki eru í bissnes þar sem það borgar sig. Þeim ber ekki skylda til að borga með sér í þjónustu í fámenni eða á vegum úti. Ríkisvaldið, sem krefst öryggis fyrir sínnotendur, hyggst hins vegar hvergi nærri koma að uppsetningu þess tækjabúnaðar sem til þarf til að skapa það öryggi, sem þörf er á. Þar sem báða ríkisstjórnarflokkana þarf til að samþykka sölu Símans skal spurt: Hvert er vægi viðhorfs liðsmanns Framsóknarflokksins? Verður sala Símans skilyrt uppsetningu GSM-dreifikerfis um land allt? Og ef, fæst þá einhver til að kaupa fyrirtækið með slíkan millustein um hálsinn?

Hendi óhapp á fáförnum vegi að næturlægi, hvar líf kann að liggja við, er fyrir neðan allt velsæmi að ekki sé hægt að ná til lögreglu eða í neyðarlínu í gegnum síma vegna ágreinings um arðsemi. Í augum flestra er síminn öryggistæki; ekki leiktæki til sölu fyrir hæstbjóðanda. Þess vegna verður hann að gagnast fólki hvar sem er á landinu.

s.h.

orðrétt af netinu

Vegabréf frá öryggisbrjálæðingum

„Hvatinn að þessum lífkennavegabréfum sem dómsmálaráðherra er svo hrifinn af kemur frá öryggisbrjálæðingum vestanhafs sem virðast tilbúnir til þess að förna allri friðhelgi einkalífsins til þess að vernda sjálft einkalífið. En eins og kunnugt er hafa Bandaríkin hert allt landamæraeftirlit og krefjast nú jafnvel að fá upplýsingar um mataræði flugfarþega á leið til landsins ásamt persónuupplýsingum. Þessi þróun er hættuleg og í stað þess að taka undir síaukið persónueftirlit eiga íslensk stjórnvöld þvert á móti að berjast gegn slíkum hugmyndum. Nær væri að sýna fram á sérstöðu landsins í samningaviðræðum um vegabréfsáritanir í stað þess að vinna að því að herða landamæraeftirlit og veita slíkum hugmyndum brautargengi. Hingað til hefur hert vegabréfaeftirlit verið samofið kúgun, misrétti og frelsisskerðingu eins og gyðingar stríðsáranna, Sovétmenn og Kínverjar eru vitni um.“

deiglan.com – Davíð Guðjónsson

Útgefandi: H-prent ehf., Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · Blaðamenn: Kristinn Hermannsson, sími 863 1623, kristinn@bb.is – Halldór Jónsson, sími 892 2132, hj@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is · Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is · Auglýsingar: Steingrímur Rúnar Guðmundsson, sími 896 0035, denni@bb.is · Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ISSN 1670 - 021X



Nýja vinnslulínan þykir gefa góða raun.

Fiskvinnsla Jakobs Valgeirs ehf., í Bolungarvík

Tekur í notkun nýtt vinnslukerfi

Fiskvinnslan Jakob Valgeir ehf., í Bolungarvík hefur skipt úr bakkakerfi yfir í nýtt og fullkomið vinnslukerfi frá Marel. Nýja línan hefur breytt framleiðslunni töluvert, aukið afköst og nýtingu og skilað betri vinnuhagræðingu og lægri launakostnaði.

Að sögn Jakobs Flosasonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, hefur framleiðni aukist um 35-45% frá því vinnsla hófst með nýja kerfinu í byrjun júní. Meðalafurðaverð hefur einnig hækkað umtalsvert með tilkomu nýja kerfisins en nú er hægt að skera allt hráefni í bita, sem ekki var hægt áður.

Jakob segir breytinguna hluta af framtíðarsýn fyrirtækisins sem leggi áherslu á að hækka afurðaverð, bæta nýtingu og auka afköst og gæði. Hann segir mestu muna um að geta unnið afurðina meira með tilkomu skurðarvélar frá Marel en einnig telur hann mikilvægt að hafa fullkomna yfirsýn yfir vinnsluna með svokölluðum MPS hugbúnaði sem notaður er til að stjórna vinnslunni og gefur upplýsingar um afköst og nýtingu hvers snyrtara fyrir sig.

Nýja flæðilínan er 12 stæða með fullkomnu MPS einstaklingseftirliti, nýtingareftirliti og



Meðal nýjunga í vinnslunni er skurðarvélin sem var tekin í notkun.

gæðaskoðun. Öll stæði eru með stólum, ljósum, hnífabrýni, hnífastandi og stillanlegum vinnupalli. Vinnslulínan inniheldur sjálfvirka skömmtun og stærðarflokkun á flökum og flakbitum í kör. Einnig tók fyrirtækið í notkun Marel IPM II bitaskurðarvél,

Carnitech 500 kg karalosara og M2200 pökkunarlínu með einstaklingsbónuskerfi. Jakob Valgeir framleiðir að mestu þorskafurðir og starfa hátt í tuttugu manns við vinnsluna. Fyrir breytinguna voru um 1500-2000 tonn unnin hjá fyrirtækinu, en Jakob segir að

með nýja kerfinu megi gera ráð fyrir að vinnslan fari í allt að 2500 tonn á þessu ári. „Við erum mjög ánægð með þetta og sjáum fram á að auka vinnsluna um einhver hundruð tonna“, sagði Jakob Flosason. – kristinn@bb.is

Breytingar hjá Straumi

Með kaupum Vélsmiðjunnar Prists á verslunarrekstri Straums hafa orðið miklar breytingar á rekstri Straums.

Í rúma þrjá áratugi hefur Straumur rekið verslun og rafverktakastarfsemi að Silfurgötu 5. Þar mun rafverktakastarfsemin verða með sína aðstöðu eins og verið hefur, nú þegar verslunarreksturinn skiptir um hendur.

Fyrst um sinn mun Þristur reka verslunina í húsnæði Straums undir sínu merki. Óskum við þeim velfarnaðar í rekstrinum.

Um leið og við þökkum þeim sem átt hafa viðskipti við okkur í verslun Straums, bjóðum við fólk áfram velkomið að skipta við okkur



með öll verk sem snúa að raflögnum og viðgerðum á sama hátt og verið hefur.

Fyrir hönd Straums ehf.,
Páll Sturlaugsson, sími 893 8221
Gunnar Steinþórsson, sími 893 5812



Vel á annað hundrað Hlíðarvegspúkar mættu til grillveislunnar á laugardagskvöld.

Á annað hundrað Hlíðarvegspúka skemmtu sér vel í árlegri grillveislu

Hið árlega „Hlíðarvegspúkafélag“ var haldið í sjötta sinn á leikskólalóðinni ofan við Hlíðarveg á Ísafirði á laugardagskvöld. Langt á annað hundrað núverandi og fyrrverandi íbúar við Hlíðarveg komu saman og gerðu sér glaðan dag með grilli, söng og spili auk þess að skiptast á sönnum og lognum sögum af Hlíðarvegspúkum. Að þessu sinni þurfti tvö tjöld undir mannskapinn. „Það koma alltaf fleiri og fleiri, bæði utan af landi og erlendis frá. Fjölskyldur eru jafnvel farnar að nota tæki-

færið og koma saman í Hlíðarvegspúkafélaginu svo það skapast nokkurs konar ættarmótsstemning“, segir Bjarn-dís Friðriksdóttir, upphafsmaður samkomanna. Hlíðarvegspúkarnir hafa tekið upp á því að veita rötgrónum íbúum við götuna við-urkenningu og varð Mildrid Sigurðsson fyrir valinu að þessu sinni en hún býr nú á Hlíf, íbúðum aldraðra á Ísa-firði. „Það er nokkrir foreldrar sem hafa verið vakandi og sofandi yfir okkur Hlíðarvegspúkunum í gegnum tíðina og

nú vildum við heiðra Millu“, segir Bjarn-dís. Púkarnir hafa öflugt tónlistarfólk innan sinna raða og var tekið vel í sönginn að venju. Að þessu sinni mætti Magnús Reynir Guðmundsson með harmónikkuna og þeir Rúnar Þór Pétursson, Örn Jónsson og Reynir Guðmundsson, fóru á kostum að vanda auk þess sem fleiri liðtækir spilarar munduðu gítara. „Úr varð hálfgerður brekkusöngur enda gítaramir vel mannaðir“, segir Bjarn-dís. Að lokum var farið í Krúsina

og dansað fram á nótt. Bjarn-dís segist geysilega ánægð með hvernig til tókst. Upphaflega hafi Hlíðarvegspúkafélagið farið af stað í þröngum hópi en það eflist með hverju árinu. „Ég átti nú ekki von á því upphaflega að þetta yrði svona stór samkoma en það bætast sífellt nýir í hópinn. Nú mætti t.d. einn áttæður Hlíðarvegspúki í fyrsta sinn. Fólk er líka alveg óhætt að kíkja á okkur enda mottó hjá Hlíðarvegspúkunum að það eru allir velkomnir“, sagði Bjarn-dís. – kristinn@bb.is



Hjónin Sjöfn Magnúsdóttir og Jóhannes Þorsteinsson ásamt Ólafi Guðmundssyni.



Börn Sesselju Ásgeirsdóttur og Ólafs Halldórssonar, sem bæði eru látin, létu sig ekki vanta í grillveisluna. Aftari röð frá vinstri: Ása, Elín, Margrét, Hrólfur og Hugljúf. Fyrir framan eru Einar og Halldór.



Feðgarnir Pétur Geir Helgason og Rúnar Þór Pétursson tóku nokkur lög við góðar undirtektir.



Erla Sigurðardóttir, Gunnar Sigurjónsson, Sigurður Gunnarsson og Konráð Eyjólfsson voru á meðal gesta í Hlíðarvegspúkafélaginu.



Örn Jónsson, Bjarn-dís Friðriksdóttir og bræðurnir Sigurður og Einar Guðmundssynir.



Mildrid Sigurðsson, ekkja Guðmundar Sigurðssonar, sem lengi bjó á Hlíðarveginum var heiðruð sérstaklega í veislunni. Hér er hún ásamt börnum sínum, þeim Reyni, Gunnari og Guðrúnu.



Söngurinn var í hávegum hafður að vanda.

Finnst ég ekki koma til Íslands nema koma vestur

– segir Sjöfn Theódórsdóttir, Hornstrendingurinn sem fluttist til Vesturheims

Sjöfn Theódórsdóttir fluttist búferlum til Bandaríkjanna tvítug að aldri. Hún skapaði sér heimili í fögrum fjalladal ásamt manni sínum, Bruce Brown, og þremur börnum og seinna barnabörnum. Þar hefur hún búið nærri hálfa öld og unað sér vel. Hún á uppruna að rekja til Hornstranda og bjó á ýmsum stöðum á Vestfjörðum á barnsaldri. Sjöfn var stödd ásamt manni sínum í Hnífsdal um daginn er þau uppfylltu langþráðan draum að dvelja á Íslandi í rólegheitum í tíu vikur. Sjöfn tók á móti blaðamanni brosmild og hlýleg. Hún var alveg ófeimin við að segja frá lífi sínu, skoðunum og lífsheimspeki. Það fór ekki á milli mála að hér er á ferð vitur kona sem er sátt við lífið. Við byrjum viðtalið á upprunanum.

Fannst alltaf ég elga heima á Ísafirði

„Ég fæddist á Látrum í Aðalvík. Foreldrar mínir voru Theódór Jónsson og Margrét Friðriksdóttir. Við vorum níu systkinin. Stór fjölskylda og óskaplega stór ætt. Faðir minn fórst með togaranum Pétursey þegar ég var ung en við bjuggum á Látrum í tvö ár eftir það. Þaðan fluttum við í Hnífsdal þar sem ég átti heima frá átta ára aldri og þar til ég var ellefu ára.

Það var ógurlega gaman að vera í Hnífsdal, þetta var fjörugur lítill bær og margt af ungmennum. Í frystihúsinu var mikil vinna og mikið að gera við að beita og sækja sjó. Oft fór allt unga fólkið að leika sér saman og við fórum inn um allan dal, það var svo mikið fjör í okkur. Það skemmtilegasta sem ég man eftir var um áramót, annað hvort í árslok 1945 eða 46, þegar haldin var álfabrenna inni á bökunum. Stór bálköstur var byggður úr gömlum síldarbátum og þeir dældu olfu á bálið. Ungu fólkið sem var búið að æfa álfadansa í fleiri mánuði dansaði kringum bálið og svo gengið inn í gamla samkomuhúsið þar sem ball var á eftir. Ég gleymi þessu aldrei, þetta var svo einstaklega skemmtilegt.

Vorið sem ég var ellefu ára fór ég suður til Keflavíkur og var þar í tvo mánuði en svo fluttum við til Patreksfjarðar með stjúpa mínum. Þar var ég nokkur unglingsár en þá kom ég til Ísafjarðar til að fara í gagnfræðaskólann því ekki var

slíkur skóli á Patreksfirði. Það var ægilega gaman. Þá bjó ég hjá Helgu Hansdóttur frænku minni. Mér fannst alltaf eins og ég ætti heima á Ísafirði því við vorum svo mikið herna. Það var ekki eins og að fara á okunnugan stað. Í dag finnst mér ég ekki koma til Íslands nema koma vestur.“

Enskan auðvelt tungumál

– Hvenær fluttirðu til Bandaríkjanna?

„Ég fór til Bandaríkjanna vorið 1957 og ætlaði bara að vera eitt ár til að sjá og reyna eitthvað nýtt. Ég var ákaflega heppin að lenda í Washingtonfylki því að þar var mikið af Norðurlandafólki. Ég bjó hjá hjónum af alíslenskum ættum og var hjá þeim, eins og við segjum núna, au pair. Þau voru bæði í skóla og áttu fjögur börn. Um sumarið fórum við á baðströnd þar sem þau voru með verslun. Það var á Point Roberts í Washingtonfylki þar sem mikið af Íslendingum bjó.

Um haustið fengu þau vinnu við að kenna í litlum bæ sem heitir Mount Vernon og átti eftir að verða framtíðarheimili mitt því að þar hef ég búið þar síðan. Þar fór ég í skóla á menntaskólastigi og hitti eigin manninn minn. Við hittumst fyrst 27. september 1957 og við giftum okkur ári seinna upp á dag. Fyrstu árin var ég heima með börnin en svo fór ég að vinna í verslunum því það hafði ég gert heima á Íslandi. Seinna fór ég að vinna í banka og fannst það mjög skemmtilegt, alltaf eitthvað



nýtt að læra, og það gerði ég í rúm 20 ár. Ég vann fyrst sem gjaldkeri en í Bandaríkjunum byrja allir í bankastörfum sem gjaldkerar. Svo var ég það sem jafngildir því að vera þjónustufulltrúi á Íslandi.

Mér fannst mjög auðvelt að læra málið. Enskan er mjög auðvelt tungumál, að mér

finnst. Ég hef alltaf lesið mikið og ég fór að lesa allt sem ég komst í og byrjaði á því einfalda. Ég hef mikla trú á því að ef maður les nógu mikið, þá sé ekki erfitt að læra tungumálið og af því fæst mikill orðaforði. Þannig fór að ég var með meiri orðaforða en stúlkurnar ungu sem komu að

vinna í bankanum. Oft var ég beðin um að skrifa bréf til viðskiptavinanna fyrir þær þó að ég hefði enga menntun í Bandaríkjunum. Þetta kemur með lestrinum.“

– Nú talar þú enn góða íslensku. Er það af því að þú lest mikið á móðurmálinu?

„Það er nú verr og miður að

ég er nærri alveg hætt að lesa á íslensku því að það er miklu auðveldara fyrir mig núna að lesa á ensku. En bróðir minn bjó einnig úti og við töluðum alltaf íslensku saman þegar við vorum ekki með öðru fólki. Ég hef alltaf reynt að halda málinu við. Mér finnst ég geta talað íslenskuna betur núna en

fyrstu árin sem ég bjó úti og var að læra enskuna. Ég kom heim eftir fjögur ár og var þá svolítið stírd í málinu því ég hafði ekki haft neinn til að tala við. En núna get ég komið beint úr flugvélinni og bara brunað áfram í málinu. Þegar ég er búin að vera hér í viku-tíma eða svo er ég farin að hugsa á íslensku.“

Sjöfn Theódórsdóttur varð Theo Brown

– Áttu stóra fjölskyldu úti? „Við eigum þrjú börn. Elsta dóttir okkar heitir Margrét, hún er gift og á tvær dætur. Sonur okkar heitir Theódór og hann á tvo syni. Yngsta dóttir okkar heitir Lára og hún á stelpu og strák. Dætur okkar búa í sama bæ og við hjónin en Theódór býr á austurströnd-inni svo við sjáum hann ekki eins oft. Ég ákvað að börnin skyldu ekki hljóta nöfn sem fjölskyldan gæti ekki borið fram. Það voru engin vandræði með það því mamma mín hét Margét og pabbi minn Theó-dór. Þannig var þetta auðvelt með fyrstu börnin en þegar Lára fæddist, þá reyndi ég að finna nafn sem væri eins á íslensku og ensku. Nöfnin eru öll góð af því að þau eru mikið notuð í Bandaríkjunum líka. Ég passaði upp á það að leyfa ekki að stytta nafnið Margrét í Maggie og þess háttar. Ég sagði: Nei takk, hún heitir Margrét og verður kölluð því nafni. Það tókst með hörkunni. Theódór er aftur á móti kallaður Ted.

Mér þykir mjög vænt um Sjafnarnafnið mitt því hann pabbi minn sem var vel lesinn þrátt fyrir að búa á afskekktum stað valdi skemmtileg nöfn á okkur systkinin. En þegar ég flutti út, þá gat enginn borið nafnið fram. Ef þeir reyna það, þá verður það eins verið sé að kalla á hund: Shep. Þá var ég í vandræðum því að gælunafnið mitt sem var Gógó þótti ekki mjög fínt í Bandaríkjunum í þá daga. Konan sem ég bjó hjá þekkti stúlku af íslenskum ættum sem hét Theo. Hún stakk upp á því að ég yrði kölluð það og mér fannst það góð hugmynd þar sem það er upphafið á nafni pabba. Theo er mitt löglega nafn núna og Sjöfn er óþekkt manneskja þar.

Við giftunguna tók ég eftir-nafn mannsins míns sem er Brown. Ég átti nú erfitt með að venjast því að við giftingu taka bandarískar konur nafn manns síns. Þá var ég allt í einu orðin Mrs. Bruce Brown. Það fór í taugarnar á mér og ég sagði fólki að kalla mig bara Theo. Það hefur nú breyst að-eins síðan þá og konur eru farnar að skrifa sig með sínu nafni og eftirnafni mannsins í staðinn fyrir að vera bara Mrs. Brown. Ég fékk þá tilfinningu eftir að ég gifti mig að ég væri ekki lengur til, en þetta láta stúlkur í Bandaríkjunum sig dreyma um. Þegar þær eru skotnar í strákum, þá ímynda þær sér að þær beri eftirnafn þeirra. Þetta þekkest ekki á Íslandi því hér er fólki svo sjálf-

stætt.“

Opna heiminn fyrir börnunum

– Eru börnin þín íslensk að eðlisfari?

„Börnin mín eru blönduð að eðlisfari og hafa alist upp við að vita að þau væru íslensk og hafa öll komið til landsins. Sonur okkar var hér í heilt ár þegar hann var 19 ára. Þau hafa alltaf fundið að þau væru ekki alveg eins og allir aðrir Ameríkanar og eru opnari fyrir allri veröldinni. Ég hef alið þau upp við þann hugsunarhátt að það sé til meira en bara Bandaríkin. Að það sé til annar heimur til fyrir þau og maður skuli átta sig á því að það er margt yndislegt til í öðrum löndum.

Fólk úti vill stundum halda að það sé ekkert annað til en það sem er þar og engin tækni sé til annars staðar. Margir spyrja þegar ég er að fara heim hvort við séum með falleg hús og þvottavélar og slíkt. Ég spyr á móti hvort þau haldi að við búum í torfkofum eða snjóhús-um. Það áttar sig ekki á að hér er mikil menning en það hef ég alltaf látið mín börn vita og einnig barnabörnin. Ég kenni þeim að það sé margt annað í heiminum en það sem þau sjá í Ameríku og það séu til margir staðir í heiminum þar sem gott er að búa. Ég varð að opna heiminn fyrir þeim, því ef þau fara bara í skóla í Bandaríkjunum og horfa bara á bandarískar myndir, þá hugsa þau innan þess sem ég kalla kassa, innan takmarka.

Það býr margt fólki í dalnum þar sem við búum sem hefur aldrei farið út fyrir dalinn og hefur ekki áhuga á neinu utan hans. Á Íslandi getur maður farið upp í sveit og talað við bónda og hann veit meira um heiminn en þau. Lestur hefur mikið að segja um það, held ég. Börnin mín lesa eins mikið og ég. Mér finnst lestur opna fyrir manni heiminn. Ég segi að fólki sem les ekki sé bara hállflifandi. Það missir af svo miklu ef það lærir ekki það sem er í bókum og heyrir um allt sem er í heiminum. Mér finnst það að minnsta kosti. Ég hef verið svo heppin að við hjónin höfum geta ferðast mikið um Bandaríkin en einnig höfum við ferðast til Englands, Skotlands og Danmerkur. Svo höfum við farið í siglingar út til eyjanna í Karíbahafinu og til Hawaii.“

Engin jól eins og íslensk jól

– Hvernig upplifir fjölskylda þín Ísland?

„Fyrsta ferð Bruce og barn-anna til Íslands var að vetri til og það var snjór og dimmt. Þetta var í desember og ekki mikið um ljós en samt nutu þau sín og við vorum hér um jól. Börnin gleyma því aldrei að hafa verið hér um hátíðarnar og segja að engin jól séu eins og íslensk jól. Þeim fannst svo spennandi að setja skóinn út í

gluggann og fá sælgæti í hann. Þeim fannst þetta allt svo mikið ævintýri og öðruvísi blær á jólunum hér. Gamlárskvöldið var stórkostlegt. Við vorum þá í Reykjavík og sáum flugeldana yfir alla borgina og það fannst þeim alveg meiriháttar.

Árið 1974 komum við aftur og vorum þá í sex vikur. Þá keyrði stjúpi minn okkur um allt land. Við komum þá vestur og við fengum að vera í sum-arhúsi fjölskyldunnar í Ystabæ í Aðalvík í nokkra daga. Það var mikil upplifun fyrir þau að sjá hvar ég dvaldi fyrstu ævi-árin mín. Mér finnst alveg yndislegt að hafa á Hornströndum svona fallegan þjóðgarð þar sem fólki kemur í hundraðatali til að ganga um. Fólk sem býr kannski fyrir sunnan og sér ekkert nema malbik getur komið og fengið að njóta náttúrunnar.

Við Bruce komum enn árið 2000 og þá fórum við í hringferð þannig að Bruce hefur séð mikið af landinu. Hann elskar Ísland og myndi flytja hingað ef við ættum ekki börn í Ameríku. Hann getur setið tímunum saman og horft upp í fjöllin því að honum finnst þau vera svo falleg. Hér fyrir vestan er mikil náttúrufegurð og börnin mín sögðu: Ef við flytjum til Íslands, þá viljum við búa á Ísafirði. Ég er sam-mála þeim um það því hér finnst mér allt vera eins það á að vera og ekki þessi nútíma-hraði á öllu.

Þar sem við búum erum við undir háum fjöllum sem kallast Cascadefjöll. Þau ganga inn frá ströndinni norðan úr Kanada og fara í hring og ná alla leið til Kaliforníu. Úr bænum okkar má sjá stórt eldfjall fyrir austan okkur sem heitir Mount Baker. Þegar maður flýgur yfir Bandaríkin út að vesturströndinni og yfir þennan fjallahring, þá sjást fimm stóreldfjöll. Það er alveg eins og að vera á Íslandi,“ segir Sjöfn og hlær. „Nema að við erum á kafi í trjám. Okkar megin við fjöllin er allt á kafi í gróðri en ef keyrt er vestur fyrir fjöllin breytist það algjör-lega og þar eru engin tré. Rétt fyrir austan fjallagarðinn hjá okkur er ræktað mikið af epl-um sem eru send meðal annars til Íslands og heita Red Delici-ous. Þar eru fleiri hundruð akrar og alveg óskaplega fallegt. Þar rennur í gegn stórt fljót og þegar ég er komin að því, þá finnst mér ég vera komin heim til Íslands því þar eru einnig klettar. Fljótið er eins stórt og firðirnir hér. Vatninu er dælt upp í hæðirnar og þannig geta þeir ræktað öll þessi epli. Annars væri allt eins og eyðimörk því að það er svo heitt.

Það sem mér finnst verst er að það er alltaf verið að byggja fleiri verslanir og verslunar-hverfi. Dalurinn okkar var gróðursæll og það var mikið af Norðurlandabúum sem fluttust í dalinn og hófu þar ræktun. Þeir áttu stóra og fallega akra og búgarða. Nú er þetta allt að hverfa undir malbik og alltaf koma nýjar og nýjar búðir. Það er eins og við

eigum ekkert annað að gera en að borða og sofa og versla. Grasið er allt horfið og fólki getur ekki komist út í náttúruna og það eru verslunarmiðstöðv-ar á hverju horni. Sem betur fer eigum stóra og fallega þjóðgarða nálægt.“

Ameríski draumurinn

„Eitt sem er skemmtilegt við dalinn okkar er að eftir stríðið fluttust þangað nokkrar fjöl-skyldur frá Hollandi. Þar á meðal voru ung hjón og maðurinn vann við vegavinnu á nóttunni og ræktaði túlípana á daginn. Hann heitir Roozen og er ásamt fjölskyldu sinni orðinn einn stærsti túlípana-ræktandi í heiminum í dag. Það byrjaði allt í þessum litla dal, Skagit Valley, en þau voru alveg óskaplega dugleg. Á hverju vori er allur aprílmán-uður kallaður Tulip Festival, því þá eru túlípánarnir að springa út. Það eru fleiri hundruð akrar af túlípönum í öllum litum og þetta er alveg ótrúlega fallegt. Við fáum fleiri hundruð þúsund manns bara til að skoða þetta. Það er alveg stór-kostlegt að sjá hvað þau gátu ræktað þarna og komið sér áfram.

– Er það ekki ameríski draumurinn?

„Það er ameríski draumur-inn en það er nú með hann eins og kvótakerfið á Íslandi. Allir smáeigendur sem áttu sína bensínstöð og sína búð og þess háttar – það er allt komið í hendur stórra félaga. Þetta er alls staðar að gerast. Ég sé það hér að ég finn ekki kaupfélagið, ég finn bara Bón-us. Ætli þetta verði ekki fram-tíðin fyrir okkur öll að hluta-félög eigi allt og fólkið sem á hlutabréf í þeim verður ríkt. Fyrir fimmtíu árum gat Roozen komið til Bandaríkjanna og komið sér áfram. Ég er ekki svo viss um að hann gæti það í dag. Ég er hrædd um að þessi draumur sé smátt og smátt að hverfa eins og hérna með fiski-bátana. Ég hef aldrei verið eins hissa eins og þegar ég kom til Íslands og heyrði um kvóta-kerfið. Og að heilu bæjarfé-lögin séu við það að leggjast í eyði vegna þess. Fólk er búíð að eiga hér gott líf frá landnámi og nú er það allt að leggjast í eyði. Svona er þetta um allan heim og eins í Ameríku.

Fyrir nokkrum árum rakst ég í bókabúð á bók sem bar titilinn WalMart er að yfirtaka Bandaríkin. Ég hló að þessu þá. Dóttir mín bjó þá í Minne-sota og við keyrðum yfir fylkin til að heimsækja hana. Þá mættum við þessum stóru WalMart-bílum og ég sagði við manninn minn: Þarna koma þeir að yfirtaka allt. Það var ekki langt í það og nú eru þeir komnir með verslun í hverjum einasta bæ. Þar sem þeir koma inn eyðileggja þeir svo mikið af litlu fyrirtækjun-um af því að þeir geta selt svo ódýrt. Allar þessar litlu versl-anir sem eru búnar að vera þarna í hundrað ár eru að hverfa. Því miður, en þetta er



víst lífið sem við verðum að sætta okkur við.“

Presturinn eins og djöfull

– Hver finnst þér vera helsti munurinn á Íslendingum og Bandaríkjamönnum?

„Fólk er náttúrlega misjafnt, hvar svo sem það býr, en mér finnst Bandaríkjamenn kann-ski ekki eins víðsýnir og Ís-lendingar sem búa í miðju Atl-antshafi og fá fréttir og áhrif alls staðar úr heiminum. Ég held að það geri Íslendinga opnari og miklu fróðari um veröldina. Fólkið í Bandaríkjunum er ákaflega hlýlegt og þar er auðvelt að eignast vini en það hefur ekki eins mikið samband við umheiminn eins og fólkið hér á Íslandi. Við eltumst ekki eins mikið við tískuna þar eins og fólkið hérna heima. Fólk er mjög svipað hvað varðar afkomu og húsnæði og slíkt.

Eitt sem mér finnst að Íslendingar mættu læra betur er þjónustulund í afgreiðslu-störfum. Mér finnst fólki ekki leggja mikið upp úr því hér en í Bandaríkjunum er kennt að vera kurteis og vingjarnlegur í störfum þar sem þarf að taka á móti fólki. Það kemur bara ekkert annað til greina. En hvar sem maður er í heiminum getur fólki lært eitthvað hvert af öðru. Það er engin ein þjóð sem gerir allt rétt. Annars held ég að besti hugsunarhátturinn sé að vera alltaf við annað fólki eins og þú vilt að það sé við þig. Ef þú sýnir hlýju, þá færðu hlýju til baka. Og ef þú brosir, þá færðu bros til baka.

Einu sinni fór ég í messu í Dómkirkjunni í Reykjavík og þá voru allir svo dauðalvar-legir. Ég er von því að allir séu kátir í messu og heilsa mér. Svo ég kem í kirkjuna í Reykjavík og brosi til fólksins

og býð því góðan daginn. Að messunni lokinni göngum við út og ég held áfram að brosa og heilsa fólkinu. Fólkið starði á mig og ég held að það hafi talið mig vera nýsloppna af Kleppi.“

Sjöfn hlær dátt. „Mér finnst engin ástæða til að fólki þurfi að vera svona alvarlegt þó að það sé við guðspjónustu. Það þyrfti að losa meira um þetta hérna. Við erum kát og glöð í kirkjunni heima og syngjum létt og ef einhver á afmæli, þá syngjum við afmælissönginn fyrir hann. Allt öðruvísi en hér og miklu léttara en hér. Það er allt í lagi að hafa hátíð-lega stund en það verður að halda fólkinu vakandi.

Það er gaman að segja sög-una af því þegar Kristbjörn elsti bróðir minn var fermdur í Aðalvík. Hann var svo mikill prakkarari. Aumingja strákurinn sem gekk við hliðina á honum í altarisgöngunni var óskap-lega þrúður og góður drengur. Kristbjörn gat ekki stillt sig um að halla sér upp að honum og hvísla: Sérðu prestinn, hann lítur út eins og djöfull. Aum-ingja strákurinn fór að hlæja eins og fífl en bróðir minn breytti ekki um svip. Gömul kona sagði eftir á að hún hefði nú ekki vanist því að börn færu hlējandi til altaris.

Ég hef trú á því að fólki hafi gott af því að fara í kirkju en þá þarf þetta ekki vera þungt. Heima í Bandaríkjunum eru söfnuðirnir stórir og sterkir. Ég hef sagt við fólkið úti, að þótt Íslendingar fari ekki mikið í kirkju, þá trúir þeir á guð. Þetta er í okkar sál og okkar lífi og við höfum alltaf trúna á bak við okkur. Ég vona alla-vega að það hafi ekki breyst“, segir Sjöfn Theódórsdóttir, öðru nafni Theo Brown. Þau hjónin kveðja nú Ísland með þá von í hjarta að fá að koma brátt aftur.

– thelma@bb.is

Efnt til samskota meðal Bolvíkinga til að reisa sendi fyrir SkjáEinn

Heildarkostnaður áætlaður 1,8 milljónir

Hópur áhugamanna í Bolungarvík leitar nú leiða til að fjármagna uppsetningu á búnaði til útsendinga á dagskrá sjónvarpsstöðvarinnar Skjás-Eins í Víkinni. Forsvarsmenn SkjásEins höfðu nýverið samband við bæjarstjórnann í Bolungarvík og buðust til að setja upp sendi ef heimamenn kostuðu hann til hálfis á móti stöðinni, að því er fram kemur á fréttavefnum vikari.is. Að sögn Helga Jónssonar, raf-eindavirkja og áhugamanns um framtakið, mun uppsetning búnaðarins kosta um 1.800 þúsund og yrði hlutur heima-manna því 900 þúsund.

Helgi segir aðrar kvaðir ekki hafa verið settar af SkjáEinum og ef af yrði myndu Bolvíkingar því eftirléiðis njóta dagskrár stöðvarinnar gjaldfrjálst eins og margir landsmenn. „Við ætlum að senda bréf á hvert heimili í Bolungarvík og bjóða mönnum að styrkja þetta verk-efni um fimm þúsund krónur sem samsvarar u.þ.b. mánaðar áskrift að Stöð 2“, segir Helgi en 900 þúsund króna framlag heimamanna jafngildir u.þ.b. fimm þúsund krónum á hvert heimili í Bolungarvík.

Erindi SkjásEins hefur ekki



Horft yfir Bolungarvík.

verið tekið fyrir af bæjaryfir-völdum með formlegum hætti enda eru nefndir og ráð bæjar-ins í sumarfríi. Aðspurður um hvort áhugmennirnir hafi leit-að stuðnings Bolungarvíkur-kaupstaðar segir Helgi það ekki hafa verið gert með form-legum hætti en þeir hafi rætt málið við Einar Pétursson, bæjarstjóra. „Mér skilst að það sé ekki grundvöllur fyrir því að bærinn geri þetta upp á sitt einsdæmi núna. Ef upp á vant-ar ætlum við að leita til fyrir-tækja og hugsanlega vilja ein-hverjir einstaklingar láta meira af hendi rakna. Þetta er tilraun sem við erum að gera og von-

andi gengur hún upp“, segir Helgi.

Aðspurður um hvenær SkjárEinn geti verið kominn í loftið í Bolungarvík segir hann erfitt að segja til um. SkjárEinn hafi gert fleiri bæjarfélögum samskonar tilboð og ef undir-tektir verði góðar um landið sé óvíst hvar Bolungarvík verði í röðinni. „Mjög fljótlega sendum við bréf til bæjarbúa og þá sjáum við viðbrögðin en síðan er það undir SkjáEinum komið hversu fljótir þeir eru að setja upp búnaðinn.“

Hann segir ýmsar mismun-andi leiðir til að dreifa dagskrá stöðvarinnar hafa verið kann-

aðar að undanförmu. M.a. hafi verið kannað hvort hægt væri að stilla inn á sendi á Arnarnesi í Skutulsfirði sem sér Ísfirð-ingum fyrir útsendingum stöðvarinnar en það merki hafi

reynst of veikt. Ætlunin sé að flytja merkið um ljósleiðara til Bolungarvíkur þar sem því verði dreift með sendibúnaði líkt og gert er með Stöð 2, Sýn og Ríkissjónvarpið. „Þetta er

frekar dýr leið en eina raun-hæfa leiðin til að gera þetta almennilega“, segir Helgi.

Aðspurður um viðbrögðin segir hann bæjarbúa jákvæða gagnvart framtakinu. „Menn eru jákvæðir og hafa verið að velta þessum málum fyrir sér síðustu misserin. Þetta hefur þínulítið að segja um lífsgæðin hérna eins og annars staðar og við viljum náttúrlega búa við það sama og aðrir“, sagði Helgi. Líkur eru því á því að Bolvíkingar geti fylgst með ensku knattspyrnunni og fleiri dagskrárliðum á SkjáEinum í vetur.

Ekki náðist í Einar Péturs-son, bæjarstjóra Bolungarvík-ur, við vinnslu þessarar fréttar en hann er í sumarfríi.

– kristinn@bb.is

Félagsheimili Súðvíkinga

Endurbætur á döfinni

Fyrir dyrum standa miklar endurbætur og breytingar á fé-lagsheimili Súðvíkinga. Ekki er enn fullljóst hverju skal breyta og hvað skal bæta, en ákvörðunar um það er að vænta á næstunni.

„Í fyrra komu fulltrúar eig-enda hússins saman og skip-uðu í framkvæmdaráð sem hefur það hlutverk að koma með tillögur að endurbótum á húsinu“, segir Ómar Már Jóns-son, sveitarstjóri Súðavíkur-hrepps. „Þessi hópur hefur ver-ið að störfum og hefur skilað inn tillögum sem vonandi verða teknar fyrir á næsta sveitarstjórnarfundi.“

Húsið er í eigu tveggja aðila, Súðavíkurhrepps og Verka-



Félagsheimili Súðvíkinga.

Lýðsfélags Vestfirðinga. „Í augnablikinu er málið í hönd-um arkitekts, en eigendur hússins eiga eftir að taka ákvörðun um það nákvæmlega hvað skal gera. Við sjáum þetta í rauninni í tvennu lagi. Í fyrsta lagi er kominn tími á lagfæringar og meðal annars þarf að laga miðstöðvarkerfi, gólf og salernisaðstöðu. Í öðru lagi þarf að skoða húsið í

breyttu umhverfi og taka ákvörðun um það hvaða til-gangi það á að þjóna til langs tíma lítið.“

Um tíma stóð til að rífa svið hússins niður til að stækka gólfpláss þess, en Ómar segir að menn hafi að mestu fallið frá þeirri hugmynd. „Við telj-um sviðið það stóran hluta af húsinu og þurfum að fara mjög varlega í að hröfla við því. En uppi eru hugmyndir um að koma fyrir smá eldunar- og uppvöskunaraðstöðu og til þess þurfum við að taka smá-hluta af sviðinu, hluta sem sjaldnast er nýttur og er oftast stúkaður af“, segir Ómar Már Jónsson sveitarstjóri.

– halfdan@bb.is

Rétt tæplega 400 laxar komnir á land í Laugardalsá

Uppselt í ána í sumar

Laxveiði hefur verið góð í Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi í sumar og er áin orðin ein hin allra gjöfulasta á landinu. Áin var sú gjöfulasta sé mið-að við fenginn afla á hverja stöng, en hefur nú misst efsta sætið til Laxár í Leirusveit. „Það er alltaf að veiðast og það hefur verið uppselt í

ána í allt sumar“, segir Sig-urjón Samúelsson veiðivörð-ur, en hann hleypir þremur stöngum í ána í einu. „Á svæð-inu, það er að segja í á og í vatni, hafa komið 396 laxar á land í sumar. Svissneskur hóp-ur sem var hér fyrir stuttu viku veiðdi 22 laxa.“

„Spánverjar sem nú eru að

veiðum hafa fengið 22 laxa á tveimur og hálfum degi. Þeir hafa farið í lax til Íslands í 14 ár og segjast aldrei hafa lent í álíka veiði“, segir Sig-urjón. Undanfarin ár hefur veiði í ánni hafist 12. júní og staðið til 1. september. Mest varð veiðin í Laugardalsá árið 1978. – halfdan@bb.is

Hætt við viðurkenningar á fegurstu gördum og götum

Umhverfisverðlaun koma í staðinn

Í ár veitir Ísafjarðarbær almennar umhverfisviður-kenningar til fyrirtækja, ein-staklinga, sveitabæja og ann-arra sem þær eiga skilið. Lengi vel voru valdir fegurstu garðar og götur sveitarfélagsins, en

umhverfisnefnd Ísafjarðarbæ-jar ákvað í fyrra að fara aðrar leiðir.

Í hinu nýja fyrirkomulagi er frekar lítið til heildarsamspils umhverfisins heldur en fegurð-ar einstakra hluta þess og við-

urkenningar veittar í samræmi við það.

Umhverfisnefnd kemur saman í næstu viku og þykir líklegt að málið verði tekið fyrir á þeim fundi.

– halfdan@bb.is

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús

Sundstræti 34: 140 m² ný-
leg 4ra herb. íbúð í nýuppgjerðu
fjölbýlishúsi. Verð 11,2 m.kr.
Mjallargata 1: 122,2 m² 4ra
herbergja íbúð á 3ju og 4. hæð í
fjölbýlishúsi. Sér inngangur af
svölum. Verð 9,5 m.kr.
Stórholt 7: 116 m² 4ra herb.
íbúð á 3ju h. í fjölb.húsi ásamt
sér geymslu. Verð 8 m.kr.
Túngata 12: 99 m² íbúð á mið-
hæð í þrúbýlishúsi ásamt bíl-
skúr og garði. Verð 7,9 m.kr.
3ja herbergja íbúðir:
Túngata 3: Nýlega uppgjörð
80 m² íbúð á tveimur hæðum í
þrúbýlishúsi. Verð 4,9 m.kr.
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m²
gólfl., mikið rými í risi) Áhv.
ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.
Sólgata 8: 68 m² íbúð á neðri
hæð í þrúbýlishúsi. Áhv. ca. 3,2
m.kr. Verð 5,3 m.kr.
Aðalstræti 17: 107 m² þriggja
herbergja íbúð á 1. hæð í
fjölbýlishúsi. Verð 7,5 m.kr.
2ja herbergja íbúðir:
Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð
á n.h. í tvíb.húsi. Verð 4 m.kr.
Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð
á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt
sér geymslu. Verð 4,6 m.kr.
Seljalandsvegur 58: 52,1 m²
íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt
helmingi tvöf. bílskúrs. Áhv. ca.
600 þ.kr. Tilboð óskast
Atvinnuhúsnæði:
Árnagata 3: 562 m² atv.húsn.
við hafnarvæði. Stórt og rúm-
gott smiðaverkstæði með skrif-
stofuaðstöðu. Tilboð óskast

Sindragata 14: 534 m² stál-
grindarhús á einni hæð. Nýtt
atvinnuhúsnæði, vel búið og í
góðu standi. Verð 25 m.kr.
Suðurtangi 2: 210 m² tré-
smiðaverkstæði á einni hæð
ásamt geymslulofti.
Verð 4,5 m.kr.
Bolungarvík:
Vitastigur 8: 99,8 m² einbýlis-
hús á tveimur hæðum, allt ný-
uppgert. Verð 8,5 m.kr.
Hjallastræti 38: 113,9 m² ein-
býlishús á einni hæð ásamt 59,2
m² bílskúr. Verð 6,5 m.kr.
Stigahlíð 4: 54 m² 2ja her-
bergja íbúð í kjallara í fjölbýlis-
húsi. Íbúðin er í góðu standi.
Tilboð óskast
Traðarstigur 7: 108,1 m² ein-
býlishús á einni hæð ásamt 36,2
m² bílskúr og 16 m² garðskála.
Tilboð óskast
Suðureyri:
Hlíðarvegur 5: 199 m²
einbýlishús á tveimur hæðum
með 30 m² bílskúr, mögul. að
hafa séríbúð á neðri hæð.
Verð 7,0 m.kr.
Sumarbústaðir:
Sumarbústaður til flutnings:
46,4m² sumarhús sem hægt er
að flytja, staðsettur í Mjóafirði,
3 herbergi, stofa, eldhús og
svefnloft. Tilboð óskast.
Fasteignir í þessari auglýsingu
eru aðeins sýnishorn af sölu-
skránni. Allar frekari upp-
lýsingar eru veittar á skrif-
stofunni að Hafnarstræti 1
og á heimasíðu okkar: www.tg.is



Bolungarvík

5000 tonnnum landað í júlí

Tæplega 5.300 tonn af sjávarfangi komu á land í Bolungarvík á júlímánuði sem er gífurlega mikið þegar lítið til þess að heildarafli frá áramótum er rúmlega 8.900 tonn. Munar þar mest um loðnu, en um 3.400 tonn-um var landað til bræðslu hjá Gná í Bolungarvík í júlí. Aflahæst loðnuskipa var Harvest sem kom með tæp 918 tonn að landi. Þá var landað 950 tonnnum af þorski,

660 tonnnum af rækju og 130 tonnnum af ýsu í Bolungarvík í mánuðinum. Aflahæstur dragnótabáta var Egill Halldórsson sem kom með liðlega 192 tonn að landi, en aflahæstur línubáta var eins og svo oft áður Guðmundur Einarsson sem dró tæp 70 tonn úr sjó. Þá var áhöfn Gríms aflahæst skakara og kom með rúmlega 33 tonn að landi í júlí. – halfdan@bb.is



Flutningaskipið Jaxlinn.

Sigmar Ólafsson, framkvæmdastjóri Sæskipa ehf.

Jaxlinn kemur sterkur inn og getur tekið við aukinni frakt

Sigmar Ólafsson, framkvæmdastjóri Sæskipa, segir Jaxlinn koma sterkan inn á flutningamarkaðinn en hann hafi sinnt tíu höfnum á Vestfjörðum tvisvar í viku frá pásk-um og geti tekið við aukinni frakt. Eins og kunnugt er hyggjast Eimskip afleggja strandsiglingar frá 1. desember en félagið hefur siglt vestur einu sinni í viku. Þannig segist Sigmar ekki skilja ummæli

Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, um að e.t.v. komi útgerðin öflug inn á markaðinn í stað Eimskipa enda sé þegar um tíðari flutninga að ræða. Þá kemur honum spánskt fyrir sjónir afstaða Sturlu Böðvarssonar, samgönguráðherra, sem fram kom í fréttum Ríkisútvarpsins, að huga þyrfti sérstaklega að flutningum til sunnanverðra Vestfjarða og

jafnvel fjölga ferðum Breiðafjarðarferjunnar Baldurs til að tryggja flutninga á svæðið. „Baldur er allra góðra gjalda verður en ég ætlast til þess að samgönguráðherra viti hvað er að gerast á samgöngumark-

aðnum í landinu. Við höfum siglt á tíu hafnir á Vestfjörðum og leggjum okkur fram um að þjóna okkar fólki en það er eins og einu skipin sem hann viti um séu Baldur og Mána-foss“, sagði Sigmar.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Óþarfi að hafa áhyggjur að breytingum á flutningamarkaðnum

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir óþarfa að hafa áhyggjur af breytingum á flutningamarkaðnum og á þar við nýlega ákvörðun Eimskipa um að leggja niður strandsiglingar frá 1. desember. „Ég held að þetta hljóti að þýða að aðrir komi inn á markaðinn ef einhver akkur er í því að sinna strand-siglingum“, segir Halldór. Aðspurður um hvort hann sem æðsti yfirmaður hafna Ísafjarðarbæjar hafi ekki áhyggjur af yfirvofandi tekjuskertingu segist Halldór vissulega hafa það í huga.

„Auðvitað er jákvætt að sem mest sé flutt á sjó, það þýðir tekjur fyrir hafnirnar og minna slit á vegunum en um leið og ég segi þetta þá er ég á leiðinni út í búð þar sem ég vil fá ferskt grænmeti á hverjum degi. Neytendur eru kröfuharðir og þess vegna eru landflutningar að aukast sem hefur í raun bætt búsetuskilyrðin“, segir Halldór.

Hann segir lengi hafa verið uppi vísbendingar um samdrátt í sjóflutningum og málið hafi verið margrætt m.a. á vettvangi Hafnarsambands sveitarfélaga. „Ég held að mesti



Mánafoss, skip Eimskipafélagsins, í Sundahöfninni á Ísafirði.

samdrátturinn hafi komið fram fyrir nokkrum árum þegar Eimskip fækkaði ferðum og Samskip hætti strandflutningum. En þá er spurning hvort nýir aðilar komi inn í staðinn. Jaxlinn hefur verið viðbót hér á Vestfjörðum og kannski koma þeir öflugir inn í stað Eimskipa. Maður horfir t.d. á

stað eins og Akureyri, ég get ekki ímyndað mér að enginn reyni að byggja upp flutninga þangað. Þannig skapar þetta tækifæri fyrir okkur um leið og aðra“, segir Halldór. Honum finnast umræður um álag á vegakerfið á Vestfjörðum villandi. „Það þýðir ekkert að vera að taka vegakerfið á

Vestfjörðum út úr í þeirri umræðu, heldur verður að skoða vegakerfið í heild. Ég held að menn eigi ekkert hægara um vik að taka við auknum landflutningum víða annars staðar, tökum sem dæmi Borgarfjörðinn þar sem eru bugður og beygjur og þung umferð“, sagði Halldór. – kristinn@bb.is



ÍSLANDBANKI

Gjaldkeri í útibúi 556 á Ísafirði

Íslandsbanki óskar eftir að ráða gjaldkera í útibú okkar á Ísafirði í 70% starfshlutfall. Hér er um tímabundið starf að ræða í eitt ár frá 1. september 2004 til 31. ágúst 2005. Daglegur vinnutími er frá kl. 12:00-17:00.

Við leitum að áhugasömum einstaklingi, sem hefur metnað og vilja til að veita viðskiptavinum úrvalspjónustu, og getur hafið störf fljótlega.

Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, nákvæmur og talnaglöggur. Að auki leitum við að einstaklingi sem er söludrifinn og á auðvelt með að vinna í hópi.

Að auki væri gott að viðkomandi byggji yfir þeim eiginleikum sem koma fram í textanum hér að neðan sem tekinn er úr Bankablaðinu árið 1939.

„Gjaldkerinn má ekki einblína á peningana í skúffu sinni og loka eyrunum fyrir því sem ómar umhverfis hann í afgreiðslusalnum. Hann verður að vera reiðubúinn að hlusta á viðskiptamennina, enda þótt þeir vilji tala um veðrið í dag, sem nær allir velja að upphafsumræðuefni, eða þá eitthvað alvarlegra eins og t.d. gengi á veðdeildarbréfum.“

(Bankablaðið 1939)

Nánari upplýsingar veitir Gerður Eðvarsdóttir í síma 440 3151. Umsóknir berist til Sigrúnar Ólafsdóttur, starfsmannastjóra Íslandsbanka, netfang: sigrun.olafs@isb.is. Umsóknarfrestur er til 20. ágúst.

Smáauglýsingar

Vegna flutninga er til sölu ársgamalt 16" Trek barnahjól fyrir 4-6 ára. Verð kr. 10 þús. Upplýsingar gefa Oddný eða Sigurjón í síma 456 4277.

Til sölu er Sony Ericson T310, sími með litaskjá og myndavél, (ekki innbyggðri). Verð 7.500 kr. Uppl. í síma 847 0404.

Vegna flutninga er til sölu einbýlishúsið (Litla-býli) að Seljalandsvegi 85 á Ísafirði. Eignin er í 18m² með kjallara að hluta. Húsið er mikið endurbýgt. Ásett verð er kr. 4,9 milljónir. Uppl. gefur Sigmundur í sínum 456 5370 eða 865 9669.

Svart og rautt Trek hjól týndist við Jónsgarð fyrir um mánuði. Finnandi hafi samband við Halldór í síma 847 8417.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78. Sér Inngangur. Uppl. í síma 456 3928 og 456 4323.

Til sölu er Browning A5 light, hálfjálfrítt haglabýssa. Góð í gæsaveiðina. Uppl. í sínum 456 4324 og 846 7479.

Til leigu er 3ja herb. íbúð í vesturbænum í Reykjavík, rétt hjá Háskóla Íslands, frá og með 1. september. Uppl. gefur Sigríður í síma 891 7731.

Kettlingi og ljúfri og góðri læðu vantar gott heimili. Uppl. gefur Helga í síma 867 7804.

Til sölu er sófasett, 3+2+1. Uppl. gefur Sigurlaug í síma 456 3444 eða 847 0131.

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Stórholti 7 á Ísafirði. Leiga er kr. 45 þús. á mánuði. Uppl. í síma 869 9001 eða 864 0310.

Til sölu er sjónvarpsskápur. Uppl. í síma 869 9001 og 864 0310.

Óska eftir lítilli íbúð til leigu á eyrinni á Ísafirði. Upplýsingar í síma 895 7151.

Svört Oakley sólgleraugu með sjóngleri, í svörtu hulstri, töpuðust fyrir tveimur vikum. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 820 8284 eða 567 7079.

Til sölu eru nokkrir uppstoppaðir fuglar. Uppl. í síma 848 0928.

Til sölu er eldhúsvaskur með blöndunartækjum, þýskur bakaröfn og helluborð, baðvaskur í borð og baðvaskur á vegg með blöndunartækjum. Á sama stað eru til sölu sumardekk á álfelgum undan Subaru Legacy. Selst á sanngjörmu verði. Uppl. í sínum 861 0661, 891 9258 eða 456 5961.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Flugmálastjórn og Vegagerðin

Vinna saman að framkvæmdum á Ísafirði

Í bígerð er að endurnýja sjóvarnargarð og stækka öryggissvæði við Ísafjarðarflugvöll og verður verkið unnið í samstarfi við Vega-gerðina. Að sögn Guðbjörns Charlessonar, umdæmisstjóra Flugmálastjórnar á Ísafirði, verða framkvæmdirnar mjög efnisfrekar þar sem gerðar verða uppfyllingar sitt hvorum megin við flugbrautina sem er umlukin vatni að stórum hluta. Þannig vill til að Vega-gerðin ráðgerir að grafa svokallaða snjóflóðaskápa á leiðinni milli Súðavíkur og Bolungarvíkur m.a. á Kirkjubólshlíð ofan flugvallarins. Efnid úr þeim verður m.a. notað í flugvöllinn og hagn-

ast báðir aðilar á því fyrirkomulagi að sögn Guðbjörns. 28 milljónir hafa verið eyrnamerkta til verksins og verður jafnvel hægt að bjóða það út að hluta í vetur. Gert er ráð fyrir því að rúmar 70 milljónir þurfi til viðbótar, en verkið er á flugmálaáætlun sem lögð hefur verið fyrir alþingi og verður tekin fyrir í haust. Sjóvarnargarðurinn við flugvöllinn þykir því sem næst ónýtur og þarf því að endurnýja hann. Öryggissvæði er ekki nógu breitt og stendur til að stækka það eins og hægt er miðað við landfræðilegar aðstæður. – kristinn@bb.is

Horft yfir Ísafjarðarflugvöll.



Byggðastofnun
Veitti fjóra styrki til Vestfjarða

Byggðastofnun greiddi út styrki til fjögurra aðila á Vestfjörðum á árinu 2003, samtals að fjárhæð kr. 1.300 þúsund. Hæsta styrkinn fékk Náttúrugripasafn Bolungarvíkur kr. 500 þúsund. Verkefnið Vestfirðir á miðöldum fékk 400 þúsund króna styrk og Þjóðahátíð á Vestfjörðum fékk 300 þúsund. Loks var veittur 100 þúsund króna styrkur vegna hreinlætisaðstöðu í friðlandinu í Vatnsfirði. Samtals greiddi Byggðastofnun út tæpar 28 milljónir í styrki á síðasta ári. Þá lagði stofnunin til rúmar 114 milljónir króna í framlög til atvinnuþróunarfélaganna en þar af runnu liðlega 19,3 milljónir til reksturs Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, að því fram kemur í ársskýrslu Byggðastofnunar. – kristinn@bb.is

Arnar G. Hinriksson hdl.
Sillfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Eftirtalдар eignir eru einungis sýnishorn úr sölu-skrá okkar, leitið nánari upplýsinga á skrifstofu.

ÍSAFJÖRÐUR:

Aðalstræti 13: Rúmlega 100 m² íbúð á 1. hæð í tvíbýli ásamt hálfum kjallara og bílskúr.
Engjavegur 15: Rúmlega 100m² íbúð á jörðhæð í tvíbýlishúsi. Laus. Verð kr. 5.800.000,- Laust.
Hlíð II: Rúmlega 50m² íbúð á 4. hæð. Laus. Verð kr. 6.500.000,-
Mjallargata 1: 70m² 2ja-3ja herb. íbúð á 2. hæð. Verð kr. 6.300.000,-
Stórholt 13: 76 m² íbúð á 3. hæð t.h. Verð kr. 4.600.000,-
Stórholt 13: 3ja herb. íbúð á 3. h. fyrir miðju. Laus fljótlega. Tilboð

Álfabyggð 4, Súðavík: 94m² einbýlishús úr timberi. Verð kr. 5.800.000,- Laust.

BOLUNGARVÍK:

Heiðarbrún 2: Rúml. 140m² einbýlishús ásamt bílskúr.
Hlíðarstræti 24: 145 m² einbýlishús. verð kr. 2.800.000,-
Stigahlið 2: 3ja herb. íbúðir. Verð kr. 1.500.000,-
Ljósaland 6: Rúmlega 250 m² einbýlishús. Verð kr. 2.600.000,- Laust.

SÚÐAVÍK:

Álfabyggð 4: 94 m² einbýlishús. Laust. Verð kr. 6.600.000,-

ÞINGEYRI:

Fjarðargata 40: 104m² íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Verð kr. 2.400.000,-. Laus.

PATREKSFJÖRÐUR:

Aðalstræti 51: 162 m² sérhæð. Laus.
Aðalstræti 120: 146 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Laus. Verð kr. 2.700.000,-
Sigtún 21: 114,6 m² raðhús. Laust. Verð kr. 4.000.000,-

STAKKUR SKRIFAR

Skattarnir og réttlætið

Álagningu skatta er lokið og niðurstaðan hlýtur að vera mörgum gleðiefni. Ríkum Íslendingum hefur fjölgað og þeir borga 10% fjármagnstekjuskatt meðan hinir, sem bara strita fyrir launum, borga þetta tæp 40% og upp í 43%, séu þeir svo lánsamir að hafa nægilega há laun til þess að fá að greiða hátekjuskatt. Burtseð frá því, svo við lítum okkur nú nær, þá hefur bæjarstjórn Bolungarvíkur kvartað undan því að nú séu flestir útgerðarmenn minni skipa búnir að stofna einkahlutafélög, skammstafað ehf, um reksturinn og þar af leiðandi skili útsvarið sér ekki til sveitarfélagsins í sama mæli og fyrr. Vissulega er um að ræða skattaskjól, sem hinn almenni launamaður á ekki kost að hlaupa í. Misræmi skapast og sveitarstjórnir og almenningur verða gröm.

Skattar eru nauðsynlegir til að reka þjóðfélagið, en fer hið opinbera nokkuð betur með peninga en almenningur? Bretar segja að tvennt sé öruggt í lífinu, skattarnir og dauðinn. Í umræðu í fulltrúadeild Bandaríkjaþings kvað einn þingmaðurinn upp úr með það, að dauðinn versnaði þó ekki í hvert skipti sem þingið kæmi saman.

Hver sem afstaða okkar er til tekjuskatta, eignarskatta og skattlagningar yfirleitt, er það viðurkennd staðreynd að háir skattar hafa ætíð í för með sér ríka tilhneigingu margra til að leita allra leiða til að losna við greiðslu skatta. Við upptöku núverandi kerfis staðgreiðslu skatta var markmiðið að hafa það einfalt og gagnsætt. Það tókst, en síðan hefur skattaflíkin verið sniðin að tísukstruum stjórnmálamanna sem allir vilja hafa sinn lít á þeirri flík, sem nú minnir meira á bútaumsteppi upp á ameríska móðinn, en réttlátt kerfi til að ná fé til samneyslunnar. Skattaflíkin ber

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

ekki með sér að haftakerfið á Íslandi sé liðið undir lok og hægt að kaupa það sem hugurinn gírnist án afskipta stjórnmálamanna. Miklu nær minnir skattakerfið á stagbætta flík frá kreppuárunum, svo langt hafa alþingismenn úr öllum flokkum gengið til móts við hinar ólíku kröfur og óskir hinna mismunandi þrýstihópa. Allt er þetta af góðum huga gert og til þess ætlað að hjálpa þeim sem minnst mega sín. En oftast gleymist að réttlæti er torfundið og enginn gerir svo öllum líki.

Ísland er ekki lengur einangrað eysamfélag úti í hafi heldur hluti af heiminum með öllum þeim kostum og göllum sem fylgja. Það var athyglisvert að hlusta á skattakóng Íslands Björgólf Guðmundsson lýsa því í sjónvarpi, að hann væri að flytja skattgreiðslur sínar heim til Íslands. Ekki síst er það fyrir þá staðreynd, sem lengi var hulin stjórnmálamönnum, einkum þeim sem hafa forsjáryggjuna að leiðarljósi, að það sé engan veginn gefið mál að ríkir Íslendingar, sem auðgast hafa erlendis, vilji endilega hafa fé sitt í umferð á Íslandi. Og hvað þá að greiða skatt af því hérlandis. Hinu verður ekki neitað að ýmislegt hrópar á leiðréttingu. Skattþrosentan sem notuð er á stritarana verður að lækka og færa verður út úr skattkerfinu allar þær félagslegu millifærslur sem þar viðgangast, til dæmis í formi barnabóta sem eru tekjutengdar að fullu eftir enn einn pólitíska bútauminn. Í Danmörku eru barnabætur víst greiddar með hverju barni óháð launum foreldra eða foreldris, en þurfi meira að koma til tekur félagsþjónustan við. Það gengur ekki að skattlagning sé eins og hver önnur fátækrahjálp hvorki gagnvart ríku né fátækum. Burt með bútauminn og fáum almennilega flík í staðinn.

Félagið gætur frá föstudaglegri 12., ágipt til sunnudags 18., ágipt alla mánan þinglir endast

DANSKAR SULTUR OG MARMELADI

98 99 99 99 89 99 289 129 478

BÓNUS

Nýtt kortatímabili!

-og allt til alls...

Þú veist hvaða vörur eru í Bónus? Þú veist hvaða vörur eru í Bónus? Þú veist hvaða vörur eru í Bónus?

Abstrakt og natúralísk málverk í Slunkaríki

Sýning á málverkum Kjartans Guðjónssonar var opnuð almenningi í Slunkaríki á Ísafirði á laugardag. Til sýnis eru sjö málverk og vekur athygli að þau eru ýmist abstrakt eða natúralísk. Kjartan er landskunnur listamaður og hefur haldið fjölda sýninga, bæði heima og erlendis. Hann stundaði nám við Art Institute of Chicago og tilheyrði hinum þekktu Septemberhóp sem sýndi fyrst í Listamannaskálanum árið 1947. Þá hefur hann unnið við ýmis konar hönnun og myndskreytingar, og kenndi í meira en aldarfjórðung við Myndlistar- og handíðaskóla Íslands. Sýningin er opin til og með 28. ágúst.

– thelma@bb.is



Frá sýningunni í Slunkaríki.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag: Hægviðri og yfirleitt bjart, en sums staðar þökuloft við sjávarsíðuna. Hiti kringum 20 stig að deginum en svalara við ströndina.

Horfur á föstudag: Hægviðri og yfirleitt bjart, en sums staðar þökuloft við sjávarsíðuna. Hiti kringum 20 stig að deginum en svalara við ströndina.

Horfur á laugardag: Hægviðri og yfirleitt bjart, en sums staðar þökuloft við sjávarsíðuna. Hiti kringum 20 stig að deginum en svalara við ströndina.

Horfur á sunnudag: Suðvestlæg átt og súld með köflum vestantil, en yfirleitt bjart austanlands. Heldur svalara veður.

Horfur á mánudag: Suðvestlæg átt og súld með köflum vestantil, en yfirleitt bjart austanlands. Heldur svalara veður.

Spurningin

Er rétt að birta upp-lýsingar um álögð gjöld skattgreiðenda?

Alls svöruðu 355.
Já sögðu 257 eða 72%
Nei sögðu 80 eða 23%
Veit ekki sögðu 18 eða 5%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Ertu orðin(n) áskrifandi?


Sara Vilbergs opnar þriðja þátt sýningaraðar ísfirskra listamanna

Myndlistarkonan Sara Vilbergsdóttir opnaði sýningu sína á málverkum og verkum úr pappmassa í Safnahúsinu á Eyrartúni á laugardag og hófst þar með þriðji og síðasti liðurinn í sýningaröð Listasafns Ísafjarðar á verkum ísfirskra listamanna. Myndlistarkonan Guðbjörg Lind Jónsdóttir reið á vaðið í

vor og ljósmyndarinn Spessi tók síðan við keflinu. Sýningaröðin hefur mælst vel fyrir og hefur fjöldi fólks litið við á sýningunum í sumar. Opnun Söru var engin undantekning þar á og mættu fjölskylda, vinir og fjölmargir bæjarbúar til að samfagna með listakonunni. – kristinn@bb.is



Sr. Magnús Erlingsson, Kristinn Níelsson og Pétur Guðmundsson virða fyrir sér pappmassafólk Söru.



Þrjú verka Söru á sýningunni í Safnahúsinu á Ísafirði.



Ísfirski listatríóið sem hefur sýnt í Safnahúsinu í sumar. Sara Vilbergsdóttir, Spessi og Guðbjörg Lind Jónsdóttir.



Opnunargestir virða fyrir sér eitt af málverkunum á sýningunni.

> RÚV: 13. ágúst kl. 21:40

Golfkempan Kevin Kostner

Rómantíks gamanmynd sem segir frá Roy McAvoy, misheppnuðum golfara sem býr í hjólhýsi við þriðja flokks golfæfingavöll í Texas. Dag einn kemur sálfræðingurinn Griswold á völlinn hans í golfkennslu og það kemur á daginn að hún er kærasta gamals keppinautar Roys, sem nú er orðinn stórstjarna í íþróttinni. Aðalhlutverk leika Kevin Kostner og Don Johnson.



> Stöð 2: 14. ágúst kl. 21:15

Uppsagnarfresturinn


Hugh Grant og Sandra Bullock leika aðalhlutverkin í gamanmyndinni Uppsagnarfresturinn. Myndin segir frá lögfræðingnum Lucy Kelso sem er í starfi sem margir öfunda hana af. Hún vinnur fyrir auðjöfurinn George Wade en það er ekki eintóm sæla eins og magasárið ber vitni um. Á köflum er engu líkara en Lucy sé barnfóstra George og að lokum fær hún nóg...



> Sýn: 14. ágúst kl. 18:30

Bandaríska PGA meistaramótið

Framundan er bein útsending frá einu af stórmótum sumarsins í golfi. Þetta er í 86. skiti sem PGA- meistaramótið er haldið og munu allir helstu kylfingar heims mæta til leiks. Í þeim hópi eru Erni Els (mynd), Phil Mickelson, Tiger Woods og fleiri góðir kappar. Bein útsendingin er bæði í dag og á morgun, sunnudag kl. 18:30.



Bardukha lék balzamertónlist í Súðavík

Fólk á öllum aldri sótti tónleika hljómsveitarinnar Bardukha sem haldnir voru í íþróttahúsinu í Súðavík á föstudag í tengslum við Listasumar- ið. „Petta var í fyrsta skipti sem við spiluðum fyrir vestan og það var rosa- lega gaman. Vonandi get- um við getum endurtekið það sem fyrst“, segir Hjör- leifur Valsson, fiðluleikari Bardhuka, en hann flytur ásamt Steingrími Guð- mundssyni, trommara, og Birgi Bragasyni, kontra- bassaleikara, svokallaða balzamertónlist. Tónlistin er ættuð frá Austur-Evr- ópu og Asíu og inniheld- ur m.a. áhrif frá sígauna- tónlist. Bardukha hefur hlotið góðar viðtökur víða hérlandis og í Dan- mörku með glæðlegri og framandi tónlist. – thelma@bb.is



Hljómsveitin Bardhuka í ham í Súðavík. Steingrímur Guðmundsson, Hjörleifur Valsson og Birgir Bragason.



Atvinna

Starfsmaður óskast í Sparkaup í Bolung- arvík. Um framtíðarstarf er að ræða. Vinnu- tími er frá kl. 13:00 til 18:30.

Upplýsingar gefur Guðmundur Svanbergs- son í síma 450 7000.

Atvinna

Bílstjóra og vélamenn vantar í klæðninga- og fræsingaflokk sem starfar á Vesturlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum.

Upplýsingar gefur Sigvaldi Arason í síma 892 1525.

Borgarverk ehf., Borgarnesi.

Sölubörn

Sölubörn vantar til starfa í Holtahverfi á Ísafirði.

Upplýsingar gefur Sigurjón J. Sigurðsson í síma 456 4560.

Barnanámskeið í Holti - friðarsetri


16.-18. ágúst, 7-13 ára. Sigling, leikir og helgistundir.

Ísafjarðarkirkja, sími 456 3171
Holtsprestur, sími 456 7672

> Stöð 2: 15. ágúst kl. 21:30

Landnemabærinn Deadwood

Deadwood nefnist kraftmikill mynda- flokkur um lífið í villta vestrinu. Þætt- irnir eru tólf talsins og verða á dag- skrá Stöðvar 2 á sunnudögum. Dead- wood er heiti á litlum landnemabæ þar sem allt er leyfilegt. Gullæði rekur marga áfram en fæstir hafa heppnina með sér. Og þar leynast margir svart- ir sauðir og illmenni sem ræna bæinn. Aðalhlutverk: Keith Carradine.



SÆLKERI VIKUNNAR

ER ANNA LIND RAGNARSDÓTTIR Í SÚÐAVÍK

Fiskiréttur og sælgæt- isbomba

Sælkeri vikunnar dregið fram tvær fljótlegar upp- skriftir þar sem hún segir að margir sem koma að elda- mennsku séu oft að flýta sér og reyni því að finna út eitt- hvað sem er fljótlegt að elda. Annars vegar er fiskiréttur sem Anna Lind mælir með að borinn sé fram með hrá- salati, hrísgrjónum og ristugu brauði, en sé einnig góður með hvítlauksbrauði. Hins vegar er ljúffeng sælgætis- bomba sem er góður eftirrétt- ur í flýti.

Fiskiréttur - frá Guggu heitinni Jakobsdóttur kennd við Litla bæ í Súðavík

- 1/2 tsk. sítrónupipar
- 1/2 tsk salt
- 1/2 tsk paprikuduft
- 1 tsk karrý
- 1 ½ súputeningur
- 1 paprikka rauð söxuð
- 1 paprikka græn söxuð
- 1 laukur saxaður



- 2 stk gulrætur saxaðar
- 200 g sveppir saxaðir
- 150 g rjómaostur
- 1 ½ dl rjómi
- ½ dós ananaskurl
- 3-4 flök af ýsu brytjuð í bita

Setjið smá klípu af smjöri eða smjörlíki í pott og bræðið setjið allt út í nema ýsuna og hitið vel. Þegar rjómaosturinn er bráðinn þá er ýsan sett út í og hitað við vægan hita þar til hún er soðin.

Sælgætisbomba!

Brjótið makkarónukökur, kökubotn og marens í smátt og setjið í stóra skál. Blandið við þetta niðursoðnum ávöxt-

um eða ferskum allt eftir smekk hvers og eins. Einn- ig er hægt að blanda saman við þetta frómasi og/eða sælgæti t.d. súkkulaði rús- ínum, daimkúlum, snick- ers, eða bara uppáhalds sælgætinu. Að lokum er þeyttum rjóma blandað saman við og settur ofan á. Skreytt með sælgæti eða ferskum ávöxtum. Gott að gera þetta tveimur tímum áður en fyrirhugað er að bjóða fram.

Ég skora á Þóru Bjarna- dóttur að vera næsti sæl- keri vikunnar.

Góð frammistaða ísfirsku strákanna

Landslið Íslands í körfu- knattleik leikmanna undir sextán ára sigraði á sunnudag lið Austurríkis í þriðja leik sínum í A-riðli B-deildar Evr- ópumótsins í körfuknattleik. Mótið fer fram þessa dagana í Brighton í Englandi.

Lið Íslands skoraði 77 stig gegn 52 stigum Austurríkis. Sem kunnugt er leika tveir

leikmenn Körfuknattleiksfé- lags Ísafjarðar með liði Ís- lands, þeir Sigurður Þorsteins- son og Þórir Guðmundsson. Segja má að þeir hafi báðir staðið sig vel og fór Sigurður beinlínis hamförum í fráköst- unum. Hann lék samtals 28 mínútur og skorðaði 12 stig en tók 17 fráköst. Þórir lék 11 mínútur og skoraði þrjú stig.

Sigurður er nú í sjöunda sæti yfir þá leikmenn sem flest fráköst hafa tekið í keppninni. Okkar menn hafa nú unnið tvo af fyrstu þrjá leikjum sínum á mótinu og eru í þriðja sæti riðilsins. Alls mun liðið leika níu leiki á mótinu.

– hj@bb.is

Sportið í beinni

SkjárEinn:

Laugardagur 14. ágúst:
Kl. 11:45 – Enski boltinn: Tottenham – Liverpool.
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Bolton – Charlton Athl.
Kl. 16:15 – Enski boltinn: Middlesbr. – Newcastle

Sunnudagur 15. ágúst:
Kl. 13:00 – Enski boltinn: Everton – Arsenal
Kl. 15:05 – Enski boltinn: Chelsea – Man. United

Sýn:

Fimmtudagur 12. ágúst:
Kl. 19:50 – UEFA Cup: FH – Dunfermline

Laugardagur 14. ágúst:
Kl. 18:30 – US PGA Chaptionaship í golfi.

Sunnudagur 15. ágúst:
Kl. 15:45 – Íslenski boltinn: Leikur óákveðinn

Þriðjudagur 17. ágúst:
Kl. 19:10 - ÓL-2004: USA – Grikkland (karfa).

Kanal 5 Denmark:

Fimmtudagur 12. ágúst:
Kl. 16:00 – UEFA Cup: Vantspils – Bröndby
Kl. 18:00 – UEFA Cup: Zalgiris – AB Aalborg

Laugardagur 14. ágúst:
Kl. 11:45 – Enski boltinn: Tottenham – Liverpool.

Canal+ Nordic:

Laugardagur 14. ágúst:
Kl. 11:45 – Enski boltinn: Tottenham – Liverpool
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Aston Villa – Southampton

Sunnudagur 15. ágúst:
Kl. 13:00 – Enski boltinn: Everton – Arsenal
Kl. 15:05 – Enski boltinn: Chelsea – Man. United

Canal+ Sport:

Laugardagur 14. ágúst:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Norwich – Crystal Palace
Kl. 15:05 – Enski boltinn: Middlesbrough – Newcastle

Kanal 5 Sweden:

Fimmtudagur 12. ágúst:
Kl. 18:30 – UEFA Cup: Hammarby – Akranes.

TV4 Sweden:

Laugardagur 14. ágúst:
Kl. 17:30 – Ólympíuleikar: Grikkland – Mali

Canal+ Sweden:


Sunnudagur 15. ágúst:
Kl. 17:00 – Sænski boltinn: Djurgarden – Halmstad

skrifa.com

Upplýsingavefur gervihnattafólksins

Afruglarar · kort · brennarar og allt annað til að fullnýta búnaðinn.

Símar 893 5804 og 482 3929 alla virka daga frá kl. 13-23



Skattgreiðendur á Vestfjörðum hálfdrættingar í fjármagnstekjum

Höfðu liðlega 148 þúsund að meðaltali í fjármagnstekjur á síðasta ári

Framteljendur í Vestfjarðamundæmi höfðu að meðaltali liðlega 148 þúsund krónur í fjármagnstekjur á síðasta ári. Það er 52% af meðaltali fjármagnstekna landsmanna sem

var tæplega 278 þúsund krónur á árinu 2003. Mikill munur er á fjármagnstekjum skattgreiðenda eftir umdæmum. Fjármagnstekjur voru hæstar í Vestmannaeyjum liðlega

426 þúsund að meðaltali en lægstar á Norðurlandi vestra, tæplega 96 þúsund. Meðalfjármagnstekjur í Vestmannaeyjum eru því nærri 154% af landsmeðaltali en aðeins

34,5% á Norðurlandi vestra. Næst koma Reykjavík og Reykjanes, en á báðum stöðunum eru fjármagnstekjur yfir landsmeðaltali eða 120,8% og 115,5%.

Austfirðingar eru í fjórða sæti með rúmlega 80%. Framteljendur á Norðurlandi eystra eru í fimma sæti með 53,9% og næstir eru Vestlendingar með 52,2% af landsmeðaltali

en Vestfirðingar eru í sjöunda sæti með 52,0%. Þá koma framteljendur á Suðurlandi þar sem hlutfallið er 49,7% af meðalfjármagnstekjum landsmanna. – kristinn@bb.is

Síðsumarsblót ásatrúarmanna

Á fjórða tug manna mættu til blótsins

Síðsumarsblót ásatrúarmanna var haldið í Skatnavör í Arnardal á laugardag. Á fjórða tug manna og kvenna sóttu blótið og komu menn ýmist akandi eða ríðandi á blótsað.

Eyvindur P. Eiríksson Vest-

fjarðagoði stjórnaði athöfn við bátaskýli sitt þar sem menn drukku af horni til heiðurs goðum og mönnum. Að athöfn lokinni þáðu þeir sem vildu boð goða og gengu að Holti í Arnardal, grilluðu og höfðu gaman fram eftir kvöldi.

Verslunin Straumur á Ísafirði

Nýir eigendur teknir við

Miklar breytingar hafa orðið á rekstri Straums hf. á Ísafirði með kaupum Vélsmiðjunnar Prists hf. á verslunarrekstri fyrirtækisins. Straumur hf. hefur í rúma þrjá áratugi rekið verslun og verktakastarfsemi að Silfur götu 5 og þar mun rafverktakastarfsemin verða áfram til húsa. Fyrst um sinn mun Þristur ehf. reka verslunina í húsnæði Straums hf. en undir eigin merki og opnaði verslunin þar að nýju á föstudag. Eigendur Straums hf., þeir Gunnar Steinþórsson og Páll Sturlaugsson, vilja þakka



Gunnar og Páll afhenda Bjarneyju Guðmundsdóttur lyklana að verslunarhúsnæðinu.

þeim sem átt hafa viðskipti við verslun þeirra í gegnum árin. „Við bjóðum fólk áfram velkomnið að skipta við okkur með öll verk sem snúa að raflögnum og viðgerðum á sama hátt og verið hefur,“ segir í frétt frá fyrirtækinu.



Eyvindur Vestfjarðagoði goði drekkur mót vestri.

Þrjár snæuglur sáust á Vestfjörðum

Þrjár snæuglur sáust á vestfirskum heiðum fyrir skömmu og náðist meðfylgjandi mynd við það tækifæri. Snæuglan er sjaldgæfur varpfugl hér á Íslandi og því er staðsetningu hennar haldið leyndri til að angra ekki mögulegt varp.

„Snæuglur halda sig uppi á hálendi þar sem lítið er um mannaferðir og þess vegna fréttist sjaldan af varpi þeirra, en annað slagið sést til þeirra og það er þá oftast á Vestfjörðum. Ævar Petersen segir í bókinni Íslenskir fuglar að hún hafi verpt á Vestfjörðum árið 1998 og það er eina staðfesta varpið á Vestfjörðum“, segir Böðvar Þórisson, hjá



Þessi mynd náðist af snæuglu á Vestfjörðum fyrir skemmstu. Mynd: Yann Kolbeinsson. Náttúrustofu Vestfjarða. Böðvar vill biðja þá sem verða varir við snæuglur að koma upplýsingum það áfram til Náttúrustofunnar eða til Náttúrufræðistofnunar.

Ný númer

Húsmiðjan Ísafirði hefur tekið í notkun ný númer.

Aðalnúmer	450 3300
Timbursala	450 3302
Fax verslun	450 3301
Fax timbursölu	450 3303



HÚSMIÐJAN
Sími 450 3300 • www.husamidjan.is